

# EFNISYFIRLIT

<b>Formáli</b>	<b>3</b>
<b>Formáli biskups Íslands</b>	<b>4</b>
<b>Formáli íslensku þýðingarinnar</b>	<b>4</b>
<b>INNGANGUR</b>	<b>6</b>
Biblíulegt líkan fyrir boðun	7
<b>Samhengi boðunar</b>	<b>9</b>
1.1. Að skilgreina samhengi boðunar	10
1.2. Hlustað á ólík sjónarmið	11
1.3. Hvernig hnattrænn veruleiki hefur áhrif á samhengið nær og fjær	12
1.3.1. Flókin áhrif hnattvæðingar	12
1.3.2. Tæknilegt samhengi	14
1.3.3. Heilsa og sjúkdómar	15
1.3.4. Ofbeldi í heiminum	16
1.3.5. Trúarlegt, menningarlegt og stjórnmálalegt samhengi	18
1.4. Samhengi og guðfræði	20
<b>Guðfræði boðunar</b>	<b>21</b>
2.0. Inngangur	22
2.1. Erindi Guðs	23
2.1.1. Erindi Guðs sem skapara	24
2.1.2. Erindi Guðs sem endurlausnara	25
2.1.3. Erindi Guðs sem helgar	26
2.2. Boðandi kirkja	27
2.2.1. Boðun er kirkjunni eðlislæg	28

Boðun og hin eina, heilaga, almenna, postullega kirkja	28
Boðun og hin almenna kirkja	29
Boðun og samkirkjulegt samfélag	30
2.2.2. Boðun er efld af Orðinu og leidd af andanum	31
2.3. Guðfræðileg vídd boðunar	32
2.3.1. Boðun sem umbreytir, sættir og eflir	32
Umbreyting	32
Sáttargjörð	34
Efling	35
2.3.2. Heildræn boðun – staður og stund	36
Prédikun og þjónusta	36
Réttlæting og réttlæti	38
Hjálpræði og lækning	39
Boðun og samræður trúarbragða	40
2.4. Guðfræði, samhengi og framkvæmd	42
<b>Framkvæmd boðunar</b>	<b>43</b>
3.1. Kirkjan öll í boðun	44
3.2. Hin boðandi kirkja að verki	45
3.2.1. Samfélag vitnisburðarins	46
Tilbiðjandi samfélag	46
Nærandi samfélag	46
Samfélag boðbera	47
Þjónandi samfélag	48
Læknandi samfélag	50
3.2.2. <i>Oikumene</i> samfélag	51
Samkirkjuleg skuldbinding	51
Þátttaka í samræðu	51
Efnahagsleg skuldbinding	52
Vistfræðileg skuldbinding	53
3.3. Nýjar áskoranir og verkefni fyrir boðun	54
3.3.1. Boðun til „endimarka jarðarinnar“	54
3.3.2. Boðun og áskorun upplýsingatækninnar	56
3.3.3. Auðlindir og leiðir til boðunar	56
3.3.4. Boðunar og pílagrímaferðir	58
<b>Niðurstaða</b>	<b>60</b>

# FORMÁLI

Á okkar tímum verður sérhver stofnun að orða tilgang sinn eins skýrt og hægt er. Örar breytingar valda miklum tilfærslum á öllum sviðum þjóðfélagsins. Það gerir sífellt sjálfsmat og endurskilgreiningu nauðsynlega.

Kirkjan er líkami Krists. Hún er kölluð til að taka þátt í fyrirætlun Guðs með heiminn (Jh 3:16). Þetta rit Lútherska heimssambandsins, „Boðun í síbreytilegu samhengi: Að umbreyta, sætta og efla er framlag Lútherska heimssambandsins til skilnings á boðun og framkvæmd hennar.“ Það er innlegg í sífellda samkirkjulega umorðun á þýðingu þess að vera kirkja í síbreytilegu samhengi okkar.

Þetta rit byggir á reynslu kirkna, starfsmanna, nemenda, leikmanna og fulltrúa kirkna við ýmsar aðstæður í hinu lútherska samfélagi. Þó er þetta skjal ekki endanlegt heldur er öllum lesendum og öllum söfnuðum boðið upp á að skoða það í sínu eigin samhengi.

Ég fel það í hendur ykkar allra sem skírð eruð, og vænti þess að skjalið nýtist ykkur bæði á kirkjulegum vettvangi og úti í þjóðfélaginu.

Dr. Ishmael Noko

Aðalritari Lútherska heimssambandsins



## Formálsorð biskups Íslands

Þjóðkirkjan hefur markað sér stefnu þar sem fram kemur að hún sé *biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja*. Kirkjunni er mikil nauðsyn að skoða sjálfa sig í því ljósi og með hvaða hætti hún fylgir eftir þeirri skilgreiningu sem þarna birtist.

Það rit sem hér kemur út á íslensku er stefnumörkun Lútherska heimssambandsins, *Mission in Context*. Ritið er afrakstur mikillar vinnu um margra ára skeið á hinum víða vettvangi lútherskra kirkna í heiminum.

Orðið *mission* er margrætt og hlaðið. Í kirkjulegu samhengi er það gjarna þýtt kristniboð. En reyndar er merking orðsins sendiför. Orðið *mission* getur líka merkt hlutverk, verkefni. Svo er einnig umhugsunarvert og áleitnið að orðið messa er gjarna talið vera af sömu rót og merkja þá útsending. Kirkjan er send með boðskap. Það er hlutverk hennar og verkefni hennar öll eru með einum eða öðrum hætti liður í þeirri sendiför.

Þessu riti er ætlað að vekja umræðu og umhugsun. Eða eins og segir: ... *vera verkfæri fyrir lútherskar kirkjur til sjálfskoðunar og styrkingar á boðun í þeirra eigin samhengi. Þetta felur í sér að bjóða kirkjunni, hvar sem hún birtist (í söfnuðum, prófastsdæmum eða á landsvísi) og tengdum aðilum að endurmeta ábyrgð sína á boðun og örva viðleitni þeirra til að leita nýrra leiða til að skilja hlutverk sitt sem samverkamenn Guðs, núna og í framtíðinni.* (sjá Inngang)

Ég fagna útkomu þessa rits á íslensku og þakka þeim sem komið hafa að þýðingu þess og útgáfu. Guð gefi að það megi verða íslenskri kirkju til blessunar.

Karl Sigurbjörnsson

## Formáli íslensku þýðingarinnar

Starfsárið 2006 til 2007 er helgað kærleiksþjónustu og hjálparstarfi eins og ákveðið var í *Stefna og starfsáherslur Þjóðkirkjunnar 2004-2010*. Kristniboð er boðun í orði og verki og er oft skipað í flokk með kærleiksþjónustu. Það fer því vel á að þessi skýrsla sé gefin út á þessu starfsári.

Ákveðið var að þýða titilinn *Mission in Context* sem *Boðun í sfbreytilegu samhengi* því skýrslan leggur áherslu á að kirkjan líti á boðun sína út frá þeim aðstæðum sem hún fer fram í hvort sem það er á heimavelli eða í öðrum löndum. Öll boðun kristinnar trúar er kristniboð og það felst að sjálfsögðu einnig í þessum titli.

Markmiðið með því að þýða þessa skýrslu er að allir hafi aðgang að efni á íslensku um stefnumótun Lútherska heimssambandsins um boðun og kristniboð. Margar aðrar skýrslur hafa verið gefnar út um þetta efni en ekki verið þýddar. Þær eru aðgengilegar á ýmsum tungumálum og vitnað er í nokkrar þeirra hér. Íslenska þýðingin á vonandi eftir að efla umræður í Þjóðkirkjunni um boðun og kristniboð og það samhengi sem kirkjan lifir í bæði á Íslandi og þar sem hún starfar erlendis. Hér er tæki sem getur hjálpað okkur að vera næmari fyrir erindi Guðs, hvatt til sjálfskoðunar, endurmats og nýrra starfshátta. Þá er hér kynnt aðferðarfræði sem styðst við túlkunarfræðilegan spíral - hvernig orð Guðs kallast á við þær aðstæður sem manneskjan lifir við á hverjum tíma.

Það er ljóst að sérhver þýðing er vandasamt verk ekki síst þegar margir höfundar hafa samið upphaflegan texta eins og hér er. Við stóðum því frammi fyrir ýmsum vandamálum sem leysa hefði mátt á fleiri en einn veg.

Við viljum þakka Ólöfu I. Davíðsdóttur, þýðanda skýrslunnar, fyrir samstarfið. Við ræddum þýðingar ýmissa hugtaka en reyndum að vera eins samkvæm enska textanum og mögulegt var. Þannig er orðið *context* alla jafnan þýtt sem samhengi og *Gods mission* sem erindi Guðs.

Það er von okkar að þessi útgáfa verði hvatning til að skoða hvernig boðun kirkjunnar og kristniboð geti verið í sífellið endurmati til að vera umbreytandi, sættandi og eflandi í íslensku samhengi.

### Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd Þjóðkirkjunnar

Ragnar Gunnarsson, formaður

Jónas Þ. Þórisson

María Ágústsdóttir

Ragnheiður Sverrisdóttir

# INNGANGUR





# INNGANGUR

Kristniboðsskýrsla Lútherska heimssambandsins frá 1988 „*Together in God's mission: An LWF contribution to the understanding of mission*“ setti fram heildrænan skilning á boðun. Þar er staðbundnum söfnuðum lýst svo að þeir séu vottar er bera erindi Guðs inn á mismunandi svið: trúarleg, hugmyndafræðileg, félagsleg, stjórnmalaleg, hagfræðileg, landfræðileg og lýðfræðileg.

*„Kjarni boðunarstarfs kirkjunnar er prédikun fagnaðar erindisins – að kalla fólk til trúar á Jesú Krist og þátttöku í hinu nýja samfélagi í Kristi – sem og störf í þágu friðar og réttlætis, í baráttu gegn þeim öflum sem undiroka og niðurlægja manneskjur. Slík starfsemi sýnir að ríki Guðs er raunverulegt og vísar fram til uppfyllingar þess við lok tímanna.“ (bls. 9).*

Sú guðfræðilega afstaða og sannfæring að kristniboð kirkjunnar sé heildræn boðun, í ljósi þess að það er erindi Guðs sem hún flytur, var þróuð frekar á áttunda og níunda þingi Lútherska heimssambandsins í Curitiba (1990) og Hong Kong (1997). Tíunda þingið í Winnipeg (2003) lagði áherslu á þennan skilning eins og kemur fram í yfirlýsingu þess: „*Boðunin, sem sprettur af erindi hins þríeina Guðs, felur í sér þrjár skyldar víddir kærleiksbjónustu, prédikunar og samræðna sem eru óaðskiljanlegir þættir í boðun kirkjunnar.*“ Í þessu riti er leitast við að ræða og dýpka skilning og framkvæmd aðildarkirkna LWF á heildrænni boðun, þ.e. boðun sem umbreytir, sættir og eflir.

Samráðsfundur Lútherska heimssambandsins um kirkjur sem stunda kristniboð sem haldinn var í Nairóbí árið 1998 undirstrikaði að þessi heildræni skilningur á boðun og framkvæmd hennar væri hluti af sjálfsmynd lútherskra kirkna. Samráðsfundurinn tók einnig undir staðfestingu kristniboðsskýrslu Lútherska heimssambandsins frá 1988 í yfirlýsingu sinni:

*„Í kristniboði felst vitnisburður, þjónusta og málsvörn fyrir réttlæti. Með því að vitna um trú sína leitast kristin manneskja við að segja frá og túlka sögu fagnaðararindisins í eigin samhengi – hvernig hún hefur fengið að reyna frelsið sem felst í verki og nærveru Guðs í heiminum. Boðun kærleikþjónustunnar miðlar miskunnsemi og vinnur að eflingu og lausn hinna þurfandi. Boðun sem málsvörn fyrir réttlæti táknar raunverulegt starf kirkjunnar á opinberum vettvangi sem staðfestingu á reisu mannlegs lífs, bæði einstaklinga og samfélags og gefur víðtækari skilning á réttlæti sem lýtur að efnahagslegum, félagslegum og vistfræðilegum þáttum.“*

Samráðsfundurinn sá fyrir sér að umbreyting væri mikilvæg áhersla í boðun. Þessi skilningur á boðun sem umbreytingu – bæði einstaklinga og þjóðfélaga – dýpkar það eðli kærleikþjónustu að efla fólk. Boðun sem umbreytir skorar á kirkjuna að breytast sjálf til að vera verkfæri umbreytingar í heiminum.

Ennfremur kallaði samráðsfundurinn eftir endurskoðun á kristniboðsskýrslunni frá 1988 til að endurspeglar og nálgast betur verkefni og tækifæri boðunar á 21. öldinni. Þetta nýja skjal byggir því á skýrslu Lútherska heimssambandsins frá 1988 og leggur fram túlkunarfræðilega nálgun í boðun. Þannig styrkir það guðfræðilega undirstöðu til skilnings á boðun og framkvæmd hennar á þessari öld.

Tilgangur þessa rits er að:

- hjálpa lútherskum kirkjum um allan heim að vera næmari fyrir erindi Guðs í heiminum og hlutverki kirkjunnar sem líkama Krists er tekur þátt í því verki.
- vera verkfæri fyrir lútherskar kirkjur til sjálfsskoðunar og styrkingar á boðun í þeirra eigin samhengi. Þetta felur í sér að bjóða kirkjunni, hvar sem hún birtist (í söfnuðum, prófastsdæmum eða á landsvísu) og tengdum aðilum að endurmeta ábyrgð sína á boðun og örva viðleitni þeirra til að leita nýrra leiða til að skilja hlutverk sitt sem samverkamenn Guðs, núna og í framtíðinni.

Tilgangur þessa rits er að styrkja og dýpka skilning kirkjunnar á sjálfri sér sem boðandi kirkju og að hún lifi þannig til fulls. Hugtakið „boðandi“ (enska: missional) hefur verið notað um nokkurra ára skeið og merkir að boðun tilheyri veru kirkjunnar. Hins vegar er orðið „boðun“ (enska: missionary) notað til að lýsa boðun sem starfi kirkjunnar. Kjarninn í eðli boðandi kirkju er þátttaka í útbreiðslu fagnaðararindis Guðs.

Verkefni kirkjunnar er að benda á og taka þátt í veruleika guðsríkisins sem birtist í lífi, dauða og upprisun Jesú Krists og vænta þessa veruleika sem er grundvöllur umbreytingar, sáttargjörðar og eflingar.

## Biblíulegt líkan fyrir boðun

Í mörgum biblíusögum má finna líkan til grundvallar skilnings kirkjunnar á boðun og framkvæmd hennar. Eitt slíkt líkan er í sýn Esekíels (Esk 37). Annað líkan er í yfirlýsingu Jesú í Nasaret um tilgang sinn (Lk 4). Ekkert eitt líkan skýrir allt. Sérhvert líkan felur í sér



© CAM Barbara Robra

áskorun og tækifæri. Í þessu riti hefur samfundurinn á veginum til Emmaus (Lk 24:13-49) verið valinn sem líkan til að útskýra nálgun boðunar sem byggir á *túlkunarfræðilegum spíral*. Þessi nálgun endurspeglar víxlverkandi áhrif samhengis, guðfræði og athafna. Þetta er einnig talið besta líkanið eins og er til að tjá þann skilning að boðun sé samfylgd.

*Augu lærisveinanna opnast fyrir því að ríki Guðs er að brjótast fram og að líf þeirra hefur breyst vegna samfundar þeirra við Krist.*

*Þeir fagna yfir nærveru hans, nærveru sáttargjörðarinnar. Þeir fara eflidir út til að flytja þessar góðu fréttir til fólksins í nærsamfélaginu og víðar.*

er hann brýtur brauðið. Augu lærisveinanna opnast fyrir því að ríki Guðs er að brjótast fram og að líf þeirra hefur breyst vegna samfundar þeirra við Krist. Þeir fagna yfir nærveru hans, nærveru sátt-

Samfundurinn hefst þegar Jesús slæst í för með tveimur lærisveinunum á leið þeirra til Emmaus og tekur þátt í angist þeirra er hann hlustar á þá segja sögu sína (vers 18). Síðan túlkar Jesús ritningarnar og gefur lærisveinunum guðfræðilegan skilning á frelsandi verki Guðs í sögunni og opinberar þeim nærveru hins upprisna mitt á meðal þeirra

argjörðarinnar. Þeir fara eflidir út til að flytja þessar góðu fréttir til fólksins í nærsamfélaginu og víðar.

Fyrsti hluti þessa rits styðst við frásögnina af Emmausveginum sem fyrirmynd að því að nefna og skilgreina samhengið sem boðun fer fram í. Annar hlutinn fjallar um guðfræði boðunar og sá þriðji um framkvæmd hennar. Boðun sem umbreytir, sættir og eflir fylgir túlkunarfræðilegum spíral fremur en línulegri nálgun og byggir á því aflfræðilega viðhorfi að boðun sé samhengi háð. Það þýðir að eigi góðu fréttirnar að komast til skila verður að flytja fólki þær í ljósi þess samhengis sem það býr við og nota tungutak og athafnir sem eru órjúfanlegur hluti menningar þess og aðstæðna. Spírallinn verður virkur þegar skilningur kirkjunnar á samhengi sínu og eigin guðfræði virka hvort á annað. Slík samhengistengd guðfræði eflist síðan og nærast á boðuninni sem í senn verkar á og umbreytir samhenginu. Því mætir kirkjan þeirri áskorun að leggja sífellt á ný í þann leiðangur að endurskoða breytilegt samhengi sitt í ljósi guðfræði sinnar og starfs. Það dýpkar heimfærslu guðfræði hennar og skerpir starf hennar á ný. Eins og Jesús á veginum til Emmaus ber kirkjan fram boðun sína sem samfylgd með fólki í breytilegu samhengi lífsins.

# SAMHENGI BOÐUNAR

*Tveir þeirra fóru þann sama dag til þorps nokkurs, sem er um sextíu skeiðrúm frá Jerúsalem og heitir Emmaus. Þeir ræddu sín á milli um allt þetta, sem gjörst hafði. Þá bar svo við, er þeir voru að tala saman og ræða þetta, að Jesús sjálfur nálgadist þá og slóst í för með þeim. En augu þeirra voru svo haldin, að þeir þekktu hann ekki. Og hann sagði við þá: „Hvað er það, sem þið ræðið svo mjög á göngu ykkar?“ Þeir námu staðar, daprir í bragði, og annar þeirra, Kleófas að nafni, sagði við hann: „Þú ert víst sá eini aðkomumaður í Jerúsalem, sem veist ekki, hvað þar hefur gjörst þessa dagana.“ Hann spurði: „Hvað þá?“ (Lk 24:13-19)*





Kafli 1

# SAMHENGI BOÐUNAR

Holdtekja Guðs átti sér stað í ákveðnu samhengi (Lk 2:1-2). Á sama hátt fer boðun alltaf fram í ákveðnu samhengi – félagslegu, efnahagslegu, stjórnmála- legu, trúarlegu og menningarlegu. Samhengi nútímans er vissulega frábrugðið því sem ríkti í Júdeu fyrir 2000 árum. Þess vegna þarf að greina tímanna tákni og lesa samvirkusamlega úr aðstæðum og umhverfi með bæn um leiðsögn. Til að boðun sé heilðræn og áhrifarík í samhengi sínu þarf kirkjan að takast á við það verkefni að nema og greina stað og stund, bæði í nánasta umhverfi sínu og á lands- vísu. Þá þarf hún einnig að hafa áhrif hnattrænna og svæðisbundinna þátta á staðbundið samhengi í huga. Hér verður leitast við að draga fram nokkur atriði í hnattrænu og svæðisbundnu samhengi og um leið að hvetja hvern söfnuð til að halda áfram að dýpka það ferli í eigin umhverfi.

## 1.1. Að skilgreina samhengi boðunar

Það samhengi sem fólk lifir í stýrir og mótar skilning þess á heiminum, fagnaðarerindinu og því sjálfu. Þess vegna getur kirkjan ekki gefið sér að skilningur hennar á heiminum, á öðrum, jörðinni og Guði sé algildur. Hún skilgreinir samhengi sitt til að geta

verið í heiminum án þess að *samlagast* honum (Jh 17) og til að skilja betur aðstæður og umhverfi fólksins sem Guð leitast við að breyta, sætta og efla.

Að skilgreina samhengi sitt felur ekki aðeins í sér upptalningu þeirra þátta er snerta það. Það felur líka í sér að þekkja þessa þætti, flokka þá og brjóta til mergjar til að umbreyta stað og stund. Það gerist í sameiginlegu átaki með viðræðum og samtali, hlustun og málflutningi, athöfnum og athugun, með því að gefa og þiggja. Gagnkvæmni er mikilvæg þegar við uppgötvum samhengi boðunarinnar og greinum það. Stundum getur utanaðkomandi rödd hjálpað kirkjunni að sjá sitt eigið samhengi í nýju ljósi. Enn fremur skýra útilokaðir einstaklingar og jaðarhópar samhengið á nýjan hátt og skerpa þannig boðun kirkjunnar.

Þegar kirkjan greinir samhengi sitt gæti hún m.a. sett spurningarmerki við aðstæður er þarfnast umbreytingar og/eða lækningar, aðstæður átaka og sáttar og aðstæður valdsins – misnotkun þess eða skort á því. Til að skilja samhengi þarf að nefna til þær staðreyndir og þau öfl sem eru að verki í veröldinni. Þetta á jafnt við ill öfl og afl Guðs. Synd, eyðilegging, sundruð samfélög og sambönd einstaklinga auk hnignunar vistkerfa sýna lífshætti sem eru á skjön við það sem Guð ætlaði þeim. Hins vegar er samhengið einnig staðir og aðstæður þar sem Guð er þegar að verki við að gera fyrirheitið um veldi sitt að veruleika. Þetta eru staðir þar sem fólk Guðs er virkt í ýmis konar köllun. Þetta á líka við þar sem góðu fréttirnar eru fluttar, hlustað er á raddir hinna undirokuðu, tekið er á ranglæti og heilbrigði jafnt sköpunar sem fólks endurreist. Kirkjunni geta orðið á mistök er hún greinir ýmsa þætti samhengis síns og gefur þeim merkimiða. Hafi kirkjan ekki skilning á samhengi sínu gæti hún einfaldlega álitnið að hlutirnir væru eins og þeir eigi að vera.

## 1.2. Hlustað á ólík sjónarmið

Víða í heiminum heyrast raddir sem tilgreina það samhengi sem við lifum í. Kirkjan þarf að hlusta á þær af gaumgæfni. Áköll hinna fátæku, undirokuðu, útilokuðu, gleymdu og þeirra sem þaggað hefur verið niður í benda á tortímandi hroka hinna máttugu og þörfina fyrir innkomu ríkis Guðs í Kristi með réttlæti og þátttöku allra í lífgefandi samfélagi. Nýjar túlkunaraðferðir kvennaguðfræði, skapandi raddir ungdómsins og vitnisburður þeirra sem hafa fengið að reyna eflandi nærveru og verk Guðs í samfélagi sínu gera kirkjunni kleift að greina hvar þörf er á umbreytingu, sátt og eflingu.

Þegar Ritningunni er miðlað í samhengi aðstæðna færir hún fólk ný sjóngler til að skoða heiminn, gildi hans og viðmið. Jesús lauk upp ritningunum fyrir lærisveinunum á veginum til Emmaus. Á sama hátt hjálpar Ritningin kirkjunni til að meta sitt eigið samhengi út frá víðara sögulegu sjónarhorni og frá sjónarhóli áætlunar Guðs með veröldina. Guðfræðileg rit og játningar, með þemu á borð við réttlætingu, náð, orð og sakramenti, móta á sama hátt hvernig kirkjan skoðar samhengi sitt frá nýju sjónarhorni. Samkirkjuleg samvinna og árangur samkirkjulegra og þvertrúarlegra viðræðna gefa einnig annað sjónarhorn. Það getur veitt nýja eða skýrari sýn á birtingu ríkis Guðs í heiminum og nýja möguleika og áskorun til boðunar sem ekki hefur verið komið auga á áður.

Spámannlegar raddir, bæði innan og utan kirkjunnar, lýsa mismunandi samhengi. Þetta geta verið vísindamenn, vitringar, ábyrgar konur eða radd-

*Til að skilja samhengi þarf að nefna til þær staðreyndir og þau öfl sem eru að verki í veröldinni. Þetta á jafnt við ill öfl og afl Guðs.*



ir hrópenda eyðimerkurinnar. Þetta fólk dregur hugsanlega viðhorf kirkjunnar í efa og skorar á hana að endurskoða forgangsröðun sína og viðmið. Sköpun Guðs hefur líka upp raustina og nafngreinir samhengið. Hún ber vitni um dýrð Guðs (Sl 19:1-4), þess Guðs sem hefur yndi af að næra líkamlegt, tilfinningalegt og andlegt líf allrar sköpunar. Sköpun Guðs harmar mannlega græðgi og hömlulaust ofbeldi sem veldur ólýsanlegri eyðileggingu og auðn umhverfisins.

Það eru fleiri raddir sem kirkjan þarf að hlusta á og fleiri greiningartæki sem hún getur notað til að nefna samhengi sitt en ekki er hægt að ræða það allt hér. Í þessum kafla verður fengist við nokkrar einfaldar leiðir og tæki svo kirkjan geti byrjað að greina og nefna þann stað sem hún er kölluð á til að flytja erindi Guðs og geti verið virkt afl í hinum túlkunarfræðilega spíral.

### 1.3. Hvernig hnatt-rænn veruleiki hefur áhrif á samhengið nær og fjær

Erindi Guðs, og sú boðun kirkjunnar sem sprettur af því, á sér stað í síbreytilegu samhengi. Það er breytilegt frá einum stað til

annars. Einnig getur birtingarmynd samhengisins tekið breytingum. Þrátt fyrir sífelldar breytingar og margbreytileika eru samt til staðar megin þemu sem koma fram þegar kirkjan gefur gaum að samhengi boðunar við upphaf nýrrar aldar. Þau dæmi sem hér verða gefin eru ekki tæmandi upptalning allra þeirra þátta sem kirkjan þarf að taka með í reikninginn. Þegar kirkjan kannar samhengi sitt mun hún sjá að það hefur áhrif á líf hennar og vitnisburð. Hún mætti líka spyrja um fleiri mikilvæga áhrifavalda og hvernig þessir þættir hafa bæði jákvæða og neikvæða hagnýta þýðingu fyrir fólk sem tekur þátt í boðun fagnaðarerindisins.

#### 1.3.1. Flókin áhrif hnattvæðingar

Aldamótin einkenndust af sögulega mikilvægum breytingum, m.a. falli Sovétríkjanna, lokum kalda stríðsins, breyttu forystuhlutverki ofurveldanna, höfnun aðskilnaðarstefnu sem opinberri réttlætingu á kynþáttahyggju og byltingu í upplýsingatækni sem ruddi alþjóðavæðingu braut. Ýmsir heimshlutar hafa orðið æ tengdari með bættum samgöngum og samskiptatækni. Hnattvæðing hefur almennt haft mikil áhrif á öllum sviðum samfélagsins: á efnahagsmál, stjórnsmál, menningu, samskipti og viðhorf einstaklingsins til gilda og siðferðis. Hnattvæðing hefur haft bætandi áhrif á ýmsa lífsþætti. Bættar samgöngur gera fólki kleift að ferðast víðar með meiri sveigjanleika og hitta fólk frá ólíkum menningarheimum á heimavelli. Samskiptatækni, t.d. Netið, hefur stuðlað að lýðræðislegri miðlun upplýsinga sem stjórnvöld geta ekki lengur stýrt eða ráðskast eins auðveldlega með. Vísinda- og tækniþekking, besta verklag við framkvæmd verkefna, væntingar og tækifæri eru orðin sameign þjóða og landssvæða.

Hnattvæðingin hefur einnig að nokkru leyti aukið það aðhald sem almenningur veitir stjórnvöldum,



eflt möguleika fólks á að bregðast af snerpu og sveigjanleika við neyðarástandi og vakið meðvitund um mannréttindi og mannréttindabrot víða um heim. Í félagslegu tilliti finnst fólki það alls staðar vera í kunnuglegu umhverfi. Vitund fólks um hverfulleika og gagnkvæma þörf vistkerfa hefur einnig aukist.

Hins vegar hefur hnattvæðingin með aukinni einstaklingshyggju á kostnað samfélagsins breikkað bilið á milli fólks, milli þjóða og hinna auðugu og snauðu. Neikvæð áhrif nýfrjálshyggju sem er fylgiskur hnattvæðingarinnar og leggur áherslu á hagnað, samkeppni, samruna fyrirtækja og einkaeign framleiðslutækja hefur veikt fjárhag margra landa, sérstaklega í suðrinu, svo þau standa í ströngu til að íbúarnir geti dregið fram lífið. Efnahagur landsvæða er háður miskunnsemi fjölþjóða-fyrirtækja sem stýra farvegi hnattræns hagkerfis. Sumar fyrirtækjasamsteypur hafa meira fjármagn – og þar með meiri völd – en meirihluti ríkisstjórna heimsins. Í ofanálag við íþyngjandi skuldabyrði eru fátækar þjóðir bæði þjakaðar af slæmum áhrifum

þess að líf og limir fólks er gert að markaðsvöru og eins neikvæðum vestrænum áhrifum á menningu og kvenvæðingu fátæktar. Söluframleiðsla í landbúnaði, iðnbúskapur og miklar veðurfarsbreytingar valda því að margar þjóðir í suðri geta ekki haldið uppi öruggu fæðuframboði. Milljónir fjölskyldna og heilu þjóðirnar eru verr settar ár frá ári. Fjöldi atvinnulausra, menntaðra ungmenna fer vaxandi.

Neysluhyggja, sem er mikilvægur þáttur í hagkerfi nýfrjálshyggjunnar, er áskorun fyrir boðun kirkjunnar. Neyslustig þarf að vera hátt til að örva markaðsmiðað hagkerfi. Markaðshugsun sem gefur öllu markaðsgildi, einnig siðferði og trúarbrögðum, kyndir undir og hvetur til neysluhyggju. Hagkerfi sem byggir á neyslu umfram sparnað er skaðlegt fyrir varðveislu náttúrulegra auðlinda komandi kynslóða. Auglýsingar hafa hvatt til neysluhyggju,

*Hnattvæðing hefur almennt haft mikil áhrif á öllum sviðum samfélagsins: á efnahagsmál, stjórnsmál, menningu, samskipti og viðhorf einstaklingsins til gilda og siðferðis.*

meira að segja á svæðum þar sem fátækt er landlæg. Þær afmá mörkin milli löngunar og þarfar. Áherslan á vörukaup frekar en endurvinnsla er skaðleg fyrir þjóðfélagið og umhverfið.

Í starfi sínu mætir kirkjan þeirri áskorun að fást við efnahagslegt ranglæti og véfengja viðhorf sem skilgreina eða meta fólk út frá eignum þess eða markaðsvirði (sjá vinnuskjal Lútherska heims-

sambandsins, „*Engaging economic globalization as a communion*“, maí 2001).

Eyðing vistkerfisins mun aukast í hnattrænu neysluhagkerfi. Ræktanlegt land hefur minnkað vegna landeyðingar af völdum ágangs á regnskóga og vaxandi notkunar illgresis- og skordýraeiturs til að auka uppskeruhagnað. Iðnbúskapur hefur valdið atvinnuleysi og þar með fólksflotta úr sveitum til borga sem sýnir vel tengslin milli vistfræðilegra og efnahagslegra þátta. Yfirgangur og rányrkja vest-rænnar menningar á öðrum svæðum í heiminum, ör fólksfjölgun og skaðlegar siðvenjur hafa valdið útdauða margra tegunda dýra og plantna og ógna hárfínu jafnvægi viðkvæmra vistkerfa.

Tækniframfarir og nútímapægindi hafa oft gengið á landgæði, loft og vatn. Velferð allra lifandi vera stafar ógn af efnamengun, skaðlegri vanrækslu og geislun. Syndugar manneskjur hafa valdið sköpun Guðs mikilli þjáningu. Þó hafa tækniframfarir á sama tíma gert fólk kleift að uppgötva, rekja og uppræta ýmsa skaðvalda. Til dæmis hafa framfarir í lyfjafræði og uppgötvun notkunar geisla við sjúkdómsgreiningu bjargað mörgum mannlífum víðs vegar um heiminn.

### 1.3.2. Tæknilegt samhengi

Aukin tækninotkun og meiri aðgangur að upplýsingum fylgir hnattvæðingunni. Upplýsingatækni hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Það er jákvætt að samskipti eru auðveldari og fljótlegri. Möguleikar til að geyma, afla, vinna úr og sundurgreina upplýsingar eru fleiri. Fólk getur líka yfirstigið hefðbundin, landfræðileg landamæri trúarbragðanna. Þá gerir upplýsingatæknin kirkjunni kleift að ná til fólks sem hefur dregið sig út úr skipulagðri starfsemi trúfélaga.



© CAM Barbara Robra

Það er neikvætt að „sýndartengsl“ gætu orðið mikilvægari en persónuleg tengsl. Ennfremur er hætt við að upplýsingatæknin aukið bilið á milli þeirra sem hafa aðgang að þessari tækni og hinna sem hafa það ekki. Efnafólk hefur greiðari aðgang að tækninýjungum en hinir fátæku. Þetta rekur fleyg á milli hinna betur settu og snauðra þjóða og einstaklinga í heiminum.

Um allan heim er blómstrandi markaður fyrir erfða- verkfræði dýra- og plöntulífs. Erfðabreytt matvæli skapa nýjar þarfir þó svo að líffræðilegar afleiðingar séu enn óþekktar. Erfðafræðileg einkaleyfi hnattrænna landbúnaðarfyrirtækja á staðbundnum plöntum veldur því að löndin í suðri eru svipt eignaréttinum og eykur það ósjálfstæði þeirra.

Á sama tíma og kvennahreyfingar um allan heim hafa opnað leiðir fyrir margar konur með því að styðja yfirráðarétt þeirra á eigin líkama hefur hnattvæðing fjármála og skemmtunar aukið misnotkun á konum, t.d. sem leigumæðrum og hefur rýrt gildi kvenna í að vera hlutgerður varningur eða eggjagjafar. Möguleikinn á að vita kyn barns fyrir fæðingu hefur valdið fjölgun fóstureyðinga á kvenkyns fósturum á svæðum þar sem sveinbörn eru talin eftirsóknarverðari.

Getan til að gera eitthvað gerir það ekki endilega rétt. Vísindamenn hafa töluvert vald í heimi sem upphafur tæknina. Það er freistandi að misnota þetta vald í þágu hernaðar eða einhvers annars. Þegar kirkjan ástundar boðun og skyggnist inn í ríki Guðs sem birtist í Kristi mætir henni siðferðileg klemma um gildi og notkun tækninnar. Hún þarf að taka alvarlega til greina hvað sé viðeigandi og vera heiðarleg gagnvart menningunni og axla ábyrgð gagnvart almenningi

### 1.3.3. Heilsa og sjúkdómar

Aukin þekking vísinda og tækni hafa borið verulegan árangur í baráttunni við ýmsa sjúkdóma og heilsufar-sógn. En þrátt fyrir tækniframfarir á heimurinn enn í basli með heilbrigðismál. Baráttan er þó mishörð milli heimsálfa. Enn á 21. öld eru tengsl sjúkdóma og fátæktar sláandi. Í mörgum löndum í suðri og einnig á afmörkuðum fátæktarsvæðum í efnuðum löndum er fátæku fólki hættara við vanheilsu. Sjúkdómar veikja viðkvæman efnahag landanna í suðri.

Mismunandi sjúkdómar hrjá íbúa heimsins: líkamlegir, geðrænir, sálrænir, tilfinningalegir og andlegir, á félagssviði og í samböndum fólks. Sumt er þetta viðurkennt en annað falið og því afneitað. Meðal þess síðarnefnda eru banvænir sjúkdómar, t.d. HIV/AIDS, berklar og malaría sem leggjast á heilu heimsálfurnar. Útbreiðsla HIV/AIDS er yfirgengileg í mörgum löndum suðursins. Efnahagur, menning og

fleiri þættir hafa haft áhrif á getu sumra landa til að bregðast rétt við. Þó sjúkdómurinn sé fyrst og fremst heilbrigðismál hefur hann valdið alvarlegum félagslegum og efnahagslegum vandamálum, þar á meðal fjölgun munaðarleysingja og skertri getu fjölskyldna til að framfleyta sér. Á sumum stöðum eru konur og börn orðin mun verr sett. Fræðsla er mikilvæg, svo og þörfin á að rjúfa þögnina um sjúkdóm-inn og önnur heilbrigðismál. Kirkjan hefur átt erfitt með að tala opinberlega um þetta málefni. Samt er þetta neyðarástand verðugt verkefni fyrir boðun kirkjunnar.

*Erfðafræðileg einkaleyfi hnattrænna landbúnaðarfyrirtækja á staðbundnum plöntum veldur því að löndin í suðri eru svipt eignaréttinum og eykur það ósjálfstæði þeirra.*

Veikindi geta valdið varanlegri skerðingu. Fötlun er þó ekki veikindi. Um það bil 10 af hverjum 100 íbúum hvers lands glíma við fötlun í einhverjum eftirtalinna flokka: líkamlega fötlun, blindu, heyrnarleysi, greindarskerðingu og geðræna sjúkdóma. Slíkum einstaklingum er mismunað við atvinnuleit og á vinnustöðum. Opinberar byggingar, vinnustaðir og jafnvel kirkjur eru ekki alltaf aðgengilegar fyrir hreyfihamlaða. Kirkjur reyna nú í auknum mæli að sjá fötluðu fólki fyrir leiðum til fullrar þátttöku í kirkjustarfi (t.d. með táknmálmálkun fyrir heyrnarlausu). Fræðsla í samstarfi við aðra er mjög brýnt verkefni til að fjarlægja hindranir og leggja af brennimerkingu á fólki sem glímir við hvers konar fötlun eða hamlandi aðstæður.

Í seinni tíð hafa uppreisnarmenn og stríðsherrar efnt til vopnaðra átaka. Saklausir borgarar, sérstaklega konur og börn, eru dregnir inn í þessi átök og notaðir sem peð, skjöldur og skotmark. Það hefur alltaf fylgt vopnuðum átökum að beita ógn til að buga andstæðinginn. Tækniframfarir nútímans hafa gert þetta ofbeldi banvænna, bæði líkamlega og sálrænt.

Stríð veldur ólýsanlegri þjáningu, sjúkdómum og fátækt, sérstaklega meðal hinna viðkvæmustu: aldraðra, kvenna, barna og kynslóðanna sem á eftir fylgja. Það skemmir innviði þjóðfélagsins og umhverfið.

Hið leynda ofbeldi sem fátækar þjóðir eru beittar á sviði stjórnmála og efnahags er jafn skaðlegt. Það felst í því að aðstoð er veitt með skilyrðum um vissar ráðstafanir í þágu gefandans á kostnað þiggjandans. Dæmi um óbeint ofbeldi eru hömlulausar skuldir landanna í suðri og fyrirgreiðsla við erlenda fjárfesta til að hámarka hagnað á kostnað landanna þar sem fjárfest er. Fátækt er ofbeldi því hún rænir fólk mannlegri reisn, heilsu og velferð.

*Stofnana- og kerfisbundið ofbeldi:* Ofbeldi er framið þegar félagslegt kerfi er miðað við forréttindahópa og er viðhaldið þeim einum til hagsbóta. Til dæmis virðir feðraveldissamfélag ekki rétt og jafnstöðu kvenna. Minnihlutahópar eru misnotaðir og innflytjendur beittir órétti vegna þjóðernis, kynþáttar, kynferðis eða trúar. Stéttaskipting er líka félagslegt ofbeldi. Hinir „ósnertanlegu“ eða lægst settu í þjóðfélaginu eru oft útilokaðir. Félagslegt eða stjórnmálalegt fyrirkomulag eins og alræðisstjórn, fámennisstjórn og feðraveldi hafa alltaf valdið kerfisbundnu ofbeldi. Slíkt fyrirkomulag skerðir mannréttindi og borgaraleg réttindi, ýtir undir rangláta stefnu í stjórnmálum og einhliða stýringu á við-



### 1.3.4. Ofbeldi í heiminum

Guð hefur ávallt beint erindi sínu að ofbeldisfullum heimi. Krossfestingin var beint ofbeldi gegn Guði og óbeint gegn mannkyninu og sköpuninni allri. Boðun kirkjunnar

hófst undir áþján ofsókna og ofbeldis. Ofbeldi í öllum myndum, augljóst eða dulið, hefur alltaf verið notað til að öðlast vald yfir öðrum. Það er öflugt tæki í höndum þeirra sem hafa valdið eða sækjast eftir valdi til að stjórna, kúga eða þvinga fram breytingar í eigin þágu. Ofbeldi er synd.

*Stríð og átök:* Ofbeldi, átök og stríð eiga sér stað milli þjóða í valdabaráttu til að halda eða auka stjórn þeirra á takmörkuðum auðlindum og öðlast óskoranda yfirburði. Áður fyrr voru stríð alla jafna háð milli herja sem fylgdu fyrirfram ákveðnum bardaga-

miðum, hugmyndafræði og hagstjórn. Kynferði, kynþáttur, þjóðerni, trú, kynhneigð og jafnveltungumál hafa verið notuð til að réttlæta útilokun og þöggun fólks. Í alvarlegri tilvikum hefur þetta leitt til þjóðernishreinsana og þjóðarmorða. Mannkynssagan sýnir að kerfisbundið ofbeldi mætir mótspyrnu. Ofbeldi, þar með talin hryðjuverk á landvísu eða svæðisbundið, hefur valdið langvarandi þjáningu og eyðileggingu

*Ofbeldi gegn konum, börnum og minnimáttar:* Ofbeldi hefur líka valdið hræðilegri þjáningu inni á heimilum fólks. Það beinist oft gegn konum, börnum, öldruðum og fötluðum. Fólk úr þessum hópum er misnotað líkamlega, kynferðislega og andlega. Konur sem verða fyrir heimilisofbeldi eru einangraðar frá samskiptum sem styðja þær og næra svo hægt sé að hafa meiri stjórn á þeim. Ofbeldi getur líka birst í ójöfnum launum og tækifærum karla og kvenna og í „glerþaki“ fyrirtækjageirans. Útilokandi málfar þurrkar út og þaggar niður í helmingi íbúa jarðar (sjá rit Lútherska heimssambandsins *Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum*, 2003). Börn þjást af vannæringu og er neitað um menntun. Ofbeldi birtist líka í því að börn eru neydd til að berjast í stríði, stunda vændi og í barnaþrælkun.



© CAM Barbara Robra

Aldrað fólk er beitt ofbeldi þegar stofnanir svipta það sjálfsvirðingu eða sljóvga með lyfjum og þegar afkomendur þess og þjóðfélagið beita það misrétti fjárhagslega, félagslega, líkamlega eða vitsmunalega. Visku aldraðra er oft hafnað eða litið framhjá henni. Þannig gleymist framlag lífeyrnslu þeirra og gilda til komandi kynslóða. Boðandi kirkja er kölluð til að taka á þessu ofbeldi á þann hátt að það hvetji til samfélags frekar en einangrunar.

*Ofbeldi trúarbragða og í kirkjunni:* Trúarofstæki er sorgleg söguleg staðreynd. Það elur á ofbeldi sem getur beinst inn á við í viðleitni til að hreinsa kirkjuna eða hóp trúaðra eða út á við gegn fólki af öðrum



© FLM

trúarbrögðum eða í öðrum kirkjudeildum. Á vissan hátt er þetta versta birtingarmynd ofbeldis því það er réttlætt í nafni trúarbragðanna og í nafni Guðs. Ofstækisfullir heittrúarmenn innan allra trúarbragða hafa framið beint og óbeint ofbeldi með illa upplýstum viðhorfum og skilningi á öðrum trúarbrögðum sem síðan hefur bein áhrif á þann skilning sem lagður er í boðun.

*Kynferði, kynþáttur, þjóðerni, trú, kynhneigð og jafnvel tungumál hafa verið notuð til að réttlæta útilokun og þöggun fólks.*

Kirkjan er ekki alltaf fórnarlamb ofbeldis þó svo sé oft raunin. Kirkjan hefur líka beitt meðlimi sína ofbeldi. Nýlendukirkjur tóku sér vald yfir kirkjum á mótunarskeiði kristniboðs og

hindruðu yngri söfnuði í að mynda eigin yfirstjórn og fylgja köllun sinni til boðunar. Misnotkun valds og deilur um eignir af hálfu kirkjuyfirvalda hafa oft verið kveikjan að safnaðarátökum. Konur hafa leynt og ljóst verið útilokaðar frá forystu og ráðandi stöðum innan kirkjunnar. Raddir þeirra, sem

og unga fólksins, hafa verið kæfðar eða þaggað niður í þeim.

Ofbeldi einangrar og aðskilur fólk frá samfélögum sínum og hindrar aðgang þeirra að styrk og von. Það meðhöndlar fólk eins og það væri ekki manneskjur. Ofbeldi er synd sem reynir að þvinga og afmá öll merki um von og samfélag við Guð. Boðandi kirkja er kölluð til að nefna þetta ofbeldi réttu nafni og lýsa skömm sinni á því. Hún er kölluð til að ganga við hlið þeirra sem leita réttlætis og friðar til að efla líf sitt.

### 1.3.5. Trúarlegt, menningarlegt og stjórnmálalegt samhengi

Þrátt fyrir ofbeldi og hörmungar er andleg ólga víða um heim. Fólk leitar í andlegar víddir til að fullnægja þörf sinni fyrir að tilheyra ákveðnu samhengi. Oft virðist hin kirkjulega stofnun ekki bjóða upp á þá andlegu fullnægju sem fólk leitar. Evrópu er lýst sem eftir-kristinni, „póstmodernískri“, mjög veraldlegri og markaðsknúinni. Í mörgum löndum álfunnar hefur meðlimum kirkna fækkað mjög vegna dvinandi

áhuga á safnaðarlífi og boðun. Tilvísun til hugtaksins „kristindómur“ á ekki lengur við. Ný eða enduruppötuvð trúarbrögð sækja nú á í trúarleit fólks. Sumir hafa yfirgefið hefðbundin trúarbrögð til að leggja á ný rækt við menningarlegar rætur, taka þátt í andatrú eða gefa sig veraldarhyggju á vald.

Það er nýtt verkefni fyrir boðandi kirkju, sérstaklega í norðri, að bregðast við trúarlegri og menningarlegri fjölhyggju á heimaslóðum. Miklir flutningar fólks milli heimsálfa í leit að fjárhagslegum tækifærum eða á flótta undan kúgun og ofbeldi hefur kallað fram enn meiri fjölbreytileika trúar og menningar í stærstu borgum heims. Mismunandi trúarlegir menningarheimar eru ekki lengur einangraðir hver frá öðrum. Í slíkum fjölmennarlegum kringumstæðum finnst fólki oft sem sjálfsskilningur þess eða sjálfsmýnd eigi undir högg að sækja. Þetta fólk leitar róta sinna og tilgangs í lífinu. Margir taka þátt í stöðugri vinnu við að byggja upp sjálfa sig og sjálfsmýnd sína. Þetta er áberandi í unglíngamenningunni og meðal innflytjenda en er einnig þáttur í lífi flestra annarra. Einstaklingar jafnt sem hópar vinna markvisst með sjálfsmýnd sína. Í slíkri vinnu leitast fólk við að móta eða endurmóta eigin sjálfsmýnd eða sameiginlega sjálfsmýnd hópsins og jafnvel að endurskrifa söguna. Þetta sjónarhorn gæti aukið skilning á svæðisbundnum átökum og gæti líka varpað ljósi á uppgang bókstafshyggju og þjóðernishyggju. Kirkjur í löndum sem taka við innflytjendum eða flóttafólki eiga daglega í slíkum samskiptum.

Viðbrögð okkar við trúarlegri fjölhyggju hafa einkennt af afturhaldssamri bókstafshyggju. Hún hefur sterka tilhneigingu til að verjast utanaðkomandi áhrifum eða hlúa að heitri tryggð við upphafnar og hefðbundnar trúarlegar hugmyndir. Þörfin fyrir að endurheimta eða efla undirstöðuatríði eigin trúar er mikilvæg og styrkjandi því hið innra afl grundvall-

aratriðanna hefur umbreytandi áhrif á einstaklinginn, trúarhópin og þjóðfélagið. Hins vegar gerir bókstafshyggja slík grunnatriði algild og þrengir þeim upp á alla í samfélaginu. Þegar afturhaldssöm bókstafshyggja tengist stjórnmálalegu eða efnahagslegu afli getur gerst að hún sé notuð til að réttlæta mótstöðu eða ofbeldi í garð utanaðkomandi aðila.

Miklum menningarlegum umskiptum á borð við breytinguna frá nútíma til síð-nútíma eða eftir-nútíma hefur verið lýst sem mestu áskoruninni í boðunarstarfi kirkjunnar. Þessi breyting á menningu er nátengd hnattvæðingu og er álitin vera endurkast hennar – félagslega, menningarlega og trúarlega. Hún einkennist af rötækum efasemdum um viðtekin hugmyndakerfi, sannleika og yfirvald. Ekkert er lengur sjálf-sagður hlutur í vísindum eða trú né í leitinni að stöðugleika í fjölskyldulífi eða hefðbundnu valdakerfi. Óöryggi fer vaxandi í heimi þar sem merking tungumáls og þekkingarfræði hefur yfirburði í vísindalega sinnuðu þjóðfélagi. Þegar guðfræðileg sannindi eru dregin í efa er boðun kirkjunnar í heiminum skoruð á hólum. Vegna hnattvæðingarinnar einskorðast þessi áhrif í norðrinu ekki bara við þann heimshluta heldur sér nú þegar stað víðar.



Kristið fólk lifir og starfar í mismunandi stjórn mála- legu samhengi. Það eru skiptar skoðanir á því hvort stjórnvöld taki þátt í eða hindri að erindi Guðs finni sér farveg til fólks. Oft er ruglað saman hugtakinu veldi Guðs (enska: reign of God) og pólitísku valdi, sérstaklega þegar hugtakið „guðsríki“ (enska: kingdom of God) er notað. Það er freistandi að álíta að vel heppnað stjórnarfyrikomulag sé „blessað af Guði“ og að slíkt fyrirkomulag sé hið eina rétta á öllum menningarsvæðum. Sérhvert stjórnarfyrikomulag þröngvar hugmyndafræði sinni og viðhorfum upp á þjóðfélagið. Ítroðsla pólitískrar hugmyndafræði getur þaggað niður í fólki, svipt það reisn, alið á kerfisbundnu ofbeldi eða leitt til heimsátaka. Slæmt stjórnarfyrikomulag getur hindrað aðgang að viðunandi menntun, heilsugæslu, öryggi eða þjónustu. Engu að síður á Guð erindi við fólk, einnig í þessu tvíbenta samhengi.

*Miklum menningarlegum umskiptum á borð við breytinguna frá nútíma til síð-nútíma eða eftir-nútíma hefur verið lýst sem mestu áskoruninni í boðunarstarfi kirkjunnar.*

## 1.4. Samhengi og guðfræði

Hér hafa verið nefndar ýmsar staðreyndir um nútíma-samhengi sem hafa þýðingu fyrir boðun og guðfræði kirkjunnar. Lærisveinarnir á veginum til Emmaus sáu samhengi sitt í öðru ljósi þegar Jesús lauk upp fyrir þeim ritningunum og opinberaðist þeim sem hinn upprisni Kristur er hann braut brauðið. Sú uppljómun var nauðsynleg svo þeir gætu skilið kringumstæður sínar og tekist á við þær á þann hátt að það hjálpaði þeim og styrkti til boðunar. Kirkjan þarf líka að endurskoða guðfræði sína og starf á gagnrýninn hátt í ljósi orðs Guðs sem heilagur andi glæðir lífi í hverju samhengi fyrir sig.

Samhengi og guðfræði tengjast í gegnum rökfræði og samtal sem best er lýst sem túlkunarfræðilegum spíral. Guðfræði á upphaf sitt að rekja til þess að hlýtt er á orð Guðs í ákveðnu samhengi. Skuldbinding trúarinnar fylgir í kjölfarið. „Trú sem starfar í kærleika“ fæðist af því að heyra orð Guðs og af skapandi virkni þess. Sú trú er tjáð í verki, þ.e. virkni sem leitast við að gera fagnaðarerið að veruleika í lífi og samhengi samfélagsins. Kristin guðfræði er trúföst endurspeglun á veru og virkni Guðs í veröldinni og verkum kirkju og einstaklinga. Guðfræði boðunar endurspeglar bæði erindi Guðs og svar kirkjunnar við kalli Krists til samfylgdar.

Umfjöllun kristinnar guðfræði um aðferðir er alltaf háð stað og stund. Þegar hún fjallar um samhengi er hún um leið undir áhrifum þess og enn dýpra skilyrt af því. Þess vegna þarf sífellt að endurskoða guðfræði og láta hana umbreytast af orði Guðs í Ritningunni. Guðfræði lærisveinanna á Emmausveginum um Krist var endurskoðuð. Hinn upprisni Kristur umbreytti henni. Guðfræði verður sífellt að mótast af orðinu sem hún heyrir í aðstæðum sínum og starfi til að geta fært erindi Guðs í orð.

Enn fremur mun guðfræði, sem mótuð er af langri sögu og auðlegð kristinnar hefðar og játningar, skerpa greiningu kirkjunnar á samhengi sínu og þeim nöfnum sem hún nefnir það. Guðfræði sem af trúfesti þjónar boðandi kirkju í samræðunni á milli athafna í samhengi og hins skapandi orðs Guðs gerir kirkjuna færa um að hugsa skýrt um þátttöku sína í lífi heimsins og styrkir skilninginn á tilverugrunni kirkjunnar.

Enn fremur mun guðfræði, sem mótuð er af langri sögu og auðlegð kristinnar hefðar og játningar, skerpa greiningu kirkjunnar á samhengi sínu og þeim nöfnum sem hún nefnir það. Guðfræði sem af trúfesti þjónar boðandi kirkju í samræðunni á milli athafna í samhengi og hins skapandi orðs Guðs gerir kirkjuna færa um að hugsa skýrt um þátttöku sína í lífi heimsins og styrkir skilninginn á tilverugrunni kirkjunnar.

# GUÐFRÆÐI BOÐUNAR

*Þá sagði hann við þá: „Ó, þér heimskir og tregir í hjarta til þess að trúa öllu því, sem spámennirnir hafa talað! Átti ekki Kristur að líða þetta og ganga svo inn í dýrð sína?“ Og hann byrjaði á Móse og öllum spámönnunum og útlagði fyrir þeim það, sem um hann er í öllum ritningunum. Lk 24:25-27*



# GUÐFRÆÐI BOÐUNAR



© CAM Barbara Robra

## 2.0. Inngangur

Það er endurtekið stef í Nýja testamentinu að lýður Guðs sé sendur út í heiminn til að segja frá hinu náðarríka veldi Guðs sem birtist í Kristi. Orðið „kristniboð“ kemur eðlilega hvergi fyrir í Biblíunni. Allt frá sextánda öld hefur kristniboð af sögulegum ástæðum tengst hernaðarbrólti, nýlendustefnu, menningar- og trúarlegri heimsvaldastefnu og innrætingu vestræns kristindóms um allan heim. Í dag er mismunandi skilningur lagður í orðið „kristniboð“ og verður víða vart við rugling og jafnvel andúð í garð hugtaksins. Vonandi verð-

*Það mikilvæga í Biblíunni er að Jesús Kristur er frelsari og grundvöllur trúarinnar og uppspretta boðunar sem umbreytir.*

ur umræða um guðfræðilegan grundvöll kristniboðs sem styðst við túlkunarspíral til að þess að skilningur á því verði skýrari og að þetta orð, kristniboð, verði leyst undan misnotkun fyrri tíma.

Orð Guðs í Ritningunni, sem heilagur andi glæðir lífi í því samhengi sem fólk býr við, er undirstaða trúar kirkjunnar, boðunar hennar og guðfræði. Þó hinir ýmsu hlutar Biblíunnar kunni að virðast ósamhljóma þá

lítur lúthersk hefð svo á að Ritningin túlki sig og skýri sjálf og sýni hvað sé mikilvægt og hvað ekki. Það mikilvæga í Biblíunni er að Jesús Kristur er frelsari og grundvöllur trúarinnar og uppspretta boðunar sem umbreytir. Orðið vekur trúna á þann hátt að það tengir manneskjuna við hinn lifandi Guð og gefur þannig nýjan veruleika í Kristi sem er nálægur í trú fyrir heilagan anda. Þetta er hinn sami heilagi andi sem viðheldur trúnni og eflir hana til að vera trú orðinu og frjáls til að boða (Jh 14:12; Rm 6:22 og 7:4).

Boðun kirkjunnar mun halda áfram þar til ríki Guðs kemur í fyllingu sinni. Samkvæmt vitnisburði Ritningarinnar er ríki Guðs eskatólógískt, þ.e. það er raunveruleiki hinna síðustu tíma sem nú þegar eru runnir upp og birtast í lífi fólks og aðstæðum hér og nú. Öll fylling Guðs býr í Jesú Kristi (Kól 1:19 og 2:9) og með þeirri opinberun er nýr himinn og ný jörð Guðs (Op 21) að birtast í þessari veröld. Hin núverandi sköpun á nú þegar hlutdeild í hinni nýju sköpun. Sigur Krists yfir dauðanum í upprisu hans er afgerandi tákni um veldi Guðs og gefur mannkyninu nýja framtíð með Guði.

Heimurinn og mannlegar verur eru þó sem hluti hinnar gömlu

sköpunar enn undir merki krossins og ekki enn að fullu endurleyst. Hið eyðandi afl syndarinnar sem þó var sigrað á krossinum hefur enn áhrif á líf fólks í heiminum. Syndin hefur eyðilagt jafnvægi hins skapaða heims og valdið sundrunu, sekt og smán. Hún hefur valdið aðskilnaði manneskjunnar frá Guði, sjálfri sér, náunganum og náttúrunni. Þetta „nú þegar og ekki enn“ sem Páll postuli lýsir er megin spennan í kristinni trú og í daglegri reynslu og lífi trúaðs fólks. Það er meginstoðin í því samhengi sem boðun kirkjunnar fer fram í.

Á veldi Guðs eru tvær hliðar, sem skýra þarf betur í umræðu safnaðanna um boðun. Annars vegar er um að ræða nærveru Guðs í heiminum frá upphafi sköpunar og hins vegar birtingu guðsríkisins í Jesú Kristi. Þetta tvennt helst þó í hendur og styrkir hvort annað þar sem nærvera Guðs í heiminum verður sýnileg í holdtekjunni og upprisan bendir áfram til hins eskatólógíska veruleika hinna hinstu tíma þar sem verk Guðs í veröldinni verða að fullu ljós.

## 2.1. Erindi Guðs

Af óvissu lífsins og þrengingum í ofsafullum heimi hefur kirkjan lært að treysta á þá opinberun Ritningarinnar að Guð Jesú Krists er guð sem er nálægur og starfar af elsku í heiminum og fyrir heiminn. Guð á erindi við heiminn. Í Jesú hefur Guð komið til „fjarlægs lands“. Guð lifði og dó með hinum glataða syni til að fara með hann heim í fullri reisn barna Guðs (Lk 15:11-24). Erindi hins eina elskandi Guðs er boðun miskunnar og náðar en ekki vanræksla og heift. Náð Guðs sem yfirvinnur afleiðingar syndar – aðskilnað, dauða og skort – nær lengra en til einstaklinga. Hún nær til alls mannlegs samfélags, til

*Sigur Krists yfir dauðanum í upprisu hans er afgerandi tákni um veldi Guðs og gefur mannkyninu nýja framtíð með Guði.*

allrar sköpunar. Öll sköpun Guðs er snortin af þessari náð og bíður því umbreytingar (Rm 8:22-23).

Það er hinn þríeini Guð sem boðar, skapar og viðheldur alheimi og er um leið snortinn af sköpun sinni. Hugtakið þrenning felur í sér að Guð á erindi við aðra – sem Guð alls mannkyns, alls heimsins og allrar sköpunar. Þrenningin er samfélag um þetta erindi, samfélag sem eflir og fylgir hinum elskaða syni, hinum Eina sem er sendur til að færa heiminum umbreytingu, sáttargjörð og eflingu.

Faðirinn og andinn senda soninn í þágu hins sístæða erindis Guðs. Faðirinn og sonurinn veita innblástur andans. Sonurinn og andinn opinbera dýrð föðurins til ystu endimarka alheimsins. Hinn elskaði er sendur í annarra þágu. Hann veitir samfylgd og styrk og umvefur hið veika í kærleika. Þessi sendiför hins elskaða einkennir þrenninguna. Í þessum kærleika felst eining hins þríeina Guðs.

*Þrenningin er samfélag um þetta erindi, samfélag sem eflir og fylgir hinum elskaða syni, hinum Eina sem er sendur til að færa heiminum umbreytingu, sáttargjörð og eflingu.*

### 2.1.1. Erindi Guðs sem skapara

Biblíuleg sýn á erindi Guðs í sköpuninni staðfestir sambandið á milli Guðs og heimsins. Af náðarríkum vilja sínum skapaði Guð heiminn úr engu. Þess vegna er heimurinn algjörlega háður Guði sem er uppspretta lífsins. Hann viðheldur, endurnærir, umbreytir og

endurnýjar lífið í heiminum (Sl 104). Sköpunin er hluti af innsta kjarna og efni fagnaðarerindisins því þar birtist ótakmörkuð elska og góðvild Guðs.

Guð hefur líka birt öllu fólki erindi sitt í sköpuninni því það er skapað í mynd Guðs sjálfs til að vera samverkafólk hans. Sem ráðsfólk Guðs bera konur jafnt sem karlar ábyrgð gagnvart Guði á velferð sköp-

unarinnar. Þessi ábyrgð hins „skapaða meðskapara“ (enska: created co-creator) er nátengd mannlegri reisn. Af náð sinni viðheldur Guð heiminum með virkni sinni í mannlegum stofnunum og samfélagi. Köllun þeirra sem játa nafn Guðs er að vinna með öllu fólki að því að áætlun Guðs um frið og einingu verði að raunveruleika. Þetta eru störf er stuðla að réttlæti, trausti meðal fólks, lausn frá hungri, ábyrgri nýtingu auðlinda jarðar og viðeigandi beitingu tækni í þágu velferðar mannkyns.

Þó svo mannkynið og sköpunin öll þjáist sökum syndar og afleiðinga hennar (Rm 8), eins og samhengi lífs okkar vitnar svo hryggilega um, þá á syndin ekki síðasta orðið. Boðskapur og raunveruleiki sköpunarinnar felur líka í sér fyrirheit um að Guð „geri alla hluti nýja“ (Op 21:5). Hinn þríeini Guð kallar því fólk til að flytja fagnaðarerindið gegnum sköpunina sem bíður í ofvæni eftir að verða leyst úr ánauð forgengi-leikans þó hún sé enn umkringd illskunni. Umbreyting og réttlæti, fyrirgefning og sáttargjörð, lækning og efling, eru merki um framtíð veraldarinnar með Guði. Í sínu eigin samhengi getur kristið fólk á ýmsa vegu styrkt stoðir þessara hvetjandi vísbendinga.

## 2.1.2. Erindi Guðs sem endurlausnara

Líf Jesú, starf hans, þjáning, dauði og upprisa opinbera óskilyrtan kærleika Guðs til heimsins sem Guð skapaði (Jh 3:16). Heilsteypt boðun krefst þess að tekið sé tillit til allra kjarnaþátta kristsfræðinnar. Líf, fræðsla og þjónusta Jesú er kristnu fólki fyrirmynd þess hvernig boðun skuli fara fram: Yfirlýsing Jesú í samkunduhúsinu í Nasaret (Lk 4:16-20); sending lærisveinanna (Mt 10); kennsla Jesú og dæmisögunar; að hann læknaði fólk og mettaði hungraða; sú staða, virðing og mikilvægi sem hann færði konum og þátttöku þeirra í þjónustu hans. Mikilvægara er þó að erindi Guðs sem endurlausnara er opinberað á *vegi sonarins*, þ.e. vegi holdtekjunnar, vegi krossins og vegi upprisunnar.

*Holdtekjan* er fyrirmynd að heilðrænu kristniboði því með holdtekjunni gengur Guð algjörlega inn í mannlega tilveru. Fæðing Jesú þýðir að mikilvægasta fyrirheit Guðs verður að veruleika: Sonurinn er sendur í heiminn til að frelsa hann. Í Jesú verður Guð manneskja á ákveðnum stað og stundu innan ákveðinnar menningar. Hann gekkst undir mannleg kjör. Hann samsamaði sig fólki og stóð með öllum sem voru í neyð. Í Jesú sýndi Guð upphaflega áætlun sína með sköpuninni og sanna mennsku. *Vegur holdtekjunnar* er vegur umbreytingar og sáttargjörðar.

*Vegur krossins* er áhrifamikil leið Guðs til að segja nei við synd og ranglæti og beita sér fyrir kærleika og réttlæti þrátt fyrir ofsóknir og krossfestingu. Jesús kom inn í dýpsta myrkur mannlegrar tilveru og sigraði vald dauðans með því að samsama sig þjáðu fólki og bera syndir þess upp á krossinn. Dauði Krists kemur hjálpræðinu til leiðar sem varðar allan heiminn: „Það var Guð sem í Kristi sætti heiminn





© CAM Barbara Robra

*Vegur holdtekjunnar er vegur umbreytingar og sáttargjörðar.*

*Vegur krossins er leið sáttargjörðar og eflingar. Vegur upprisunnar er leið umbreytingar og eflingar.*

við sig“ (2Kor 5:19). Kross Krists sýnir einnig samstöðu Guðs með þeim sem eru útilokuð og undirokuð og er um leið andóf gegn ranglæti og kúgun. Þar, í miðri þeirri kúgun og útilokun sem fólk reynir

í samhengi sínu, er hinn krossfesti Guð. Þó helgar krossfesting Krists ekki rangláta þjáningu né

er hún fyrirmynd þess hvernig bera skuli þjáningu. Hún er fremur vitnisburður um þá þrá Guðs að enginn sé beittur ofbeldi. *Vegur krossins* er leið sáttargjörðar og eflingar.

Enginn atburður hefur breytt heiminum á jafn afgerandi hátt og *upprisa* Krists. Ofbeldi, dauði og ógn endanleikans eiga ekki lengur síðasta orðið. Upprisan gaf mannkyninu og allri sköpuninni nýjan veruleika frelsunar og vonar. Guð er sáttur við mannkynið og sköpunina vegna dauða Krists og upprisú. Guð greiddi líka leið sáttargjörðar milli fólks og milli mannkynsins og sköpunarinnar. Upprisa Jesú opinberar hið sanna eðli hlutanna. Sköpunin sjálf öðlast nýja vídd. Sérhver skapaður hlutur, hvert augnablik og atburður er þrunginn lífgefandi möguleikum. Ekkert er lengur endanlegt. Jafnvel blindgötur lífsins umbreytast í tækifæri til boðunar. *Vegur upprisunnar* er leið umbreytingar og eflingar.

### 2.1.3. Erindi Guðs sem helgar

Guð á enn erindi við heiminn gegnum heilagan anda. Andi Guðs gaf spámönnunum kraft og kom yfir Jesú í upphafi þjónustu hans. Hann bjó í fyrstu lærisveinunum, konunum og körlunum sem fylgdu Jesú, fyllti þau krafti, bjó þau til ferðar og sendi hina vaknandi kirkju til að vera vitnisburður. Á sama hátt kallar og sendir heilagur andi allt fólk Guðs og útbýr það til ferðarinnar á hverri tíð, óháð kyni og aldri, til að boða kristna trú.

Heilagur andi kallar fólk til iðrunar, trúar og nýs lífs gegnum fagnaðarerindið. Það er andinn sem safnar öllum saman í líkama einnar fjölskyldu. Þetta er hópur af ólíku fólki. Andinn ryður burt öllum hindrunum stéttar, kynþáttar, kyns og menningar. Það eru ekki sendiboðarnir heldur heilagur andi sem sannfærir um synd og ranglæti, sem vekur

trú og endurnýjar lýð Guðs til boðunar, jafnt einstaklinga sem hópa. Í krafti heilags anda leitast hið boðaða orð við að umbreyta jafnvel þeim sem eru fjarri veldi Guðs – þeim sem eru andsnúin fagnaðarerindinu, virða það að vettugi eða afbaka.

Varanlegir ávextir boðunar eru verk heilags anda. Andinn gerir ófullkomnar manneskjur færar um að verða verkfæri í boðunarverki Guðs. Heilagur andi umbreytir fátæklegum orðum okkar þegar við flytjum gleðifréttirnar, skírnarlauginni ásamt brauði og víni altarisakramentisins í tákni um nærveru Krists í kirkjunni sem eflir hana til að ganga erinda Guðs. Heilagur andi býr kristið fólk og kirkjuna alla margs konar gjöfum (1Kor 12; Rm 12; Ef 4). Útbúið þessum náðargjöfum (*charismata*) getur það flutt fagnaðarerindið og gefið öllu fólki hlutdeild með sér í því lífi sem fagnaðarerindið lýsir. Allar gjafir andans – prédikun, fræðsla, lækning, spádómur, stjórnun og fleiri eru gefnar bæði konum og körlum. Gjöfunum er ætlað að styrkja samfélagið þar sem lýður Guðs safnast saman, söfnuðina, til innri vaxtar og heilðrænnar boðunar. Þó kirkjan sé ófullkomin gerir andinn hana að forsmekk hinnar fyrirheitnu tíðar.

## 2.2. Boðandi kirkja

Hinn þríeyni Guð sendir kirkjuna til að boða fagnaðarerindið. Til þess er hún kölluð og eflist af náð til „endimarka veraldarinnar“. Hin viðkvæma elska og miskunnsemi Guðs sést á því að kirkjan, með öllum sínum mannlega breyskleika, er tekin með inn í guðdómlegt, boðandi samfélag (1Kor 1:9). Hugtakið kristniboðskirkja vísar til staðbundins hóps trúaðra sem eflist af orði Guðs og sakramentum og er leiddur af heilögum anda til að flytja erindi Guðs. Kirkjan breiðir úr sér bæði landfræðilega og hugmyndafræðilega til að innan hennar vaxi og dafni margs

konar samfélag, tengsl og tjáning. Hún breiðir líka úr sér í tíma til að rúma gengnar og komandi kynslóðir. Boðandi kirkja er líkami Krists í heiminum.

Boðun kirkjunnar er því gjöf náðar Guðs. Þessi gjöf hvílir á ríki Guðs sem birtist í Kristi og flæðir frá því. Kirkjan er sköpuð af náð til að vera hluti hins guðlega samfélags. Hún lifir því ekki í þágu sjálfrar sín heldur fyrir Guð og fyrir heiminn. „Fyrirhuguð til að líkjast mynd sonar Guðs“ flytur kirkjan ekki aðeins fagnaðarerindi Guðs heldur er hún um leið tákni um að Guð er að verki.

Boðun kirkjunnar á þannig uppsprettu sína í fagnaðarerindinu en ekki lögmálinu því að endurleysandi náð Guðs hefur leyst kirkjuna undan þrálátri sókn eftir árangri í eigin þágu. Árangur boðunar verður ekki mældur á mælikvarða mannlegra væntinga og skynsemi. Þegar kirkjan fylgir Drottni í trúfesti og treystir á návist hins upprisna Krists í lífi sínu og vitnisburði mun boðun hennar einnig endurspegla auðsæranleika hinnar skilyrðislausu ástar sem auðsýnd var á krossi Krists. Erindi Guðs snýr mannlegum ósigri oft upp í sigur því máttur Krists fullkomnast í veikleika (2Kor 12:9).



### 2.2.1. Boðun er kirkjunni eðlislæg

Jesús gefur til kynna að ástæðan fyrir tilvist kirkjunnar sé að Guð kallar hana til boðunar: „Eins og faðirinn hefur sent mig, eins sendi ég yður“ (Jh 20:21). Kirkjan er eignarlýður Guðs sem er skapaður til að víðfrægja dáðir hins Eina sem kallar fólk sitt frá myrkrinu til síns undursamlega ljóss (1Pt 2:9). Þess vegna er boðun hið eiginlega eðli kirkjunnar. Boðun er ekki valkostur kirkjunnar. Boðun er grundvöllur veru hennar sem „ein, heilög, almenn og postulleg“ kirkja (Nikeujátningin).

### Boðun og hin eina, heilaga, almenna, postullega kirkja

Kirkjan sem líkami Krists er *ein* og hún flytur hið eina erindi hins þríeina Guðs. Kirkjan hefur ekki enn gert að veruleika þá einingu sem hún játar. Því veldur mannlegur veikleiki. Í gegnum aldirnar hefur hún leitast við að nálgast þessa einingu með því að stunda boðun í „einingu margbreytileikans“. Kristið fólk hefur alltaf viðurkennt að óeining kirkjunnar sé skaðleg vitnisburðinum um kærleika Guðs. Æðstaprestsbæn Jesú um að „allir séu þeir eitt... til þess að heimurinn trúí“ (Jh 17:21) er einnig orðin bæn kirkjunnar

sem þráir þann dag er hún verður hinn eini „líkami Krists“. Boðun hefur m.a. einingu kirkjunnar að markmiði. Sameiginleg boðun gegnum samkirkjuleg verkefni er leið til einingar fyrir hinar mismunandi kirkjudeildir. Það styrkir síðan viðleitni þeirra í samkirkjulegu samtali.

Kirkjan er *heilög* því hún er samfélag sem Guð elskar og helgar með því að taka hana frá til boðunar. Heilagleiki kirkjunnar felst ekki í því að hún sé „af öðrum heimi“ heldur birtist einmitt í því að hún er í heiminum og flytur erindi Guðs með veru sinni, nánd og verkum í ofbeldisfullum, særðum heimi. Þegar kirkjan bendir á náð og ást hins Heilaga mitt í heimi sem tortímur sjálfum sér leysist úr læðingi von og sterk þrá eftir heilagleika. Í boðun sinni bendir kirkjan á helgun alls lífs og allrar sköpunar Guðs. Með nærveru sinni vitnar hún, jafnvel án orða, um virðingu og friðhelgi sköpunarinnar.

Hin boðandi kirkja er *postulleg* á þann hátt að „hið guðdómlega samfélag sendiferðarinnar“, hinn þríeini Guð, eflir hana, sendir og fylgir henni í boðuninni. Postulleiki kirkjunnar snýr fyrst og fremst að því að hún er send til heimsins með góðar fréttir í farteskinu (Mt 28:18-20). Hugtakið bendir á hið mikilvæga hlutverk þjónustu Orðsins og sakramentanna til að styrkja kirkjuna til boðunar.

Meðal lútherskra safnaða sums staðar í heiminum hefur mikið verið deilt um hvort það sé óaðskiljanlegur þáttur í postullegu eðli kirkjunnar að hvetja fólk til að þiggja náð skírnarinnar. Til dæmis halda sumir kirkjuleiðtogar í Asíu því fram að það sé góð og gild guðfræði að telja óskirt, trúað fólk til hinnar einu, heilögu, almennu, postullegu kirkju fyrir trúna eina saman. Þess vegna telja þeir ekki nauðsynlegt að leggja á þessa trúuðu einstaklinga þær félagslegu, stjórnálalegu og efnahagslegu þrengingar

sem tengjast því að taka skírni. Slíkar aðstæður eru útbreiddar í þeim heimshluta. Lútherskar kirkjur í öðrum aðstæðum trúa því hins vegar staðfastlega að það „að skíra fólk til nafns föðurins, sonarins og heilags anda“ sé hluti af postullegri tilskipun kirkjunnar.

Þegar rætt er um að kirkjan sé postulleg er miklu síður átt við valdakerfi og yfirstjórn kirkjunnar en hina postullegu trú sem starfar fyrir boðun kvenna og karla. Þetta birtist í áherslu á það grundvallareðli kirkjunnar að hún er send. Að kirkjan er postulleg táknað einnig að hinn Eini sem sendir hana er alltaf nálægur og virkur fyrir holdtekninguna sem kirkjan boðar. En sendingin felur ekki endilega í sér að fara til fjarlæggra landa eða menningarsvæða þó svo að þvermenningarlegur vitnisburður sé mikilvægur hluti þess að vera sendur. Í hnattrænum heimi nútímans eru ystu endimörk heimsins oft við túngarðinn heima.

## Boðun og hin almenna kirkja

Að kirkjan sé allra, séð frá sjónarhóli boðunar, á við um landfræðilega útbreiðslu kristinnar trúar um allan heim og nærveru kirkjunnar á hverjum stað á óteljandi menningarsvæðum og innan jaðarmenningar. Kristin trú er eins og ger. Hún gegnsýrir ekki aðeins deigið heldur umbreytir því. Áherslan er hins vegar lögð á eiginlega útbreiðslu trúarinnar og að hún nái að festa rætur í hvers konar menningu samkvæmt eðli holdtekjunnar frekar en að ná yfir sem stærst landsvæði. Hin eiginlega útbreiðsla á við um alla trúaða á öllum tímum – lýð Guðs meðal genginna kynslóða, í dag og um ókomna tíð. Hin almenna kirkja er einnig áminning um að öll sköpun Guðs muni að lokum verða sameinuð og endurnýjuð í Kristi.



© FLM Margret Stasius

Kristin trú er bundin af menningu í allri útbreiðslu sinni. Trú er í eðli sínu holdtekja, bundin af tíma, rúmi og menningu. Þegar staðbundinn söfnuður tekur þátt í boðun þarf hann að leitast við að halda jafnvægi á milli hins einstaka og hins almenna. Hið almenna og hið sérstaka er órjúfanlega tengt. Án hins almenna trúarsamfélags er sérhverjum staðbundnum söfnuði ómögulegt að öðlast einlægan

*Þess vegna er boðun hið eiginlega eðli kirkjunnar. Boðun er ekki valkostur kirkjunnar. Boðun er grundvöllur veru hennar sem „ein, heilög, almenn og postulleg“ kirkja.*



© CAM Barbara Robra

sjálfsskilning í staðbundnu samhengi. Sé hinn almenni eiginleiki kirkjunnar án samhengis mun boðun hennar leiða til yfirráðahyggju. Ef kirkjan einblínir á samhengið og yfirsést sitt almenna eðli verður hún þröngsýn.

## Boðun og samkirkjulegt samfélag

Raunveruleg tengsl samfélags safnaða grundvallast á samfélagi hins þríeina Guðs í Kristi (1Kor

1:9). Tengslin eru því ekki kerfisbundin samtök eða bandalag í hagnýtum tilgangi sem má varpa fyrir róða ef það ber ekki árangur. Það er raunveruleiki sem á að endurspeglar þá ímynd kirkjunnar að eiga hlut í sjálfri veru Guðs.

Í kirkjulegum skilningi felur hugtakið „samfélag“ í sér þrenns konar kirkjuleg tengsl. Í fyrsta lagi er það eining kirkjunnar á öllu tímum og stöðum. Í öðru lagi er átt við sameiginlegt líf staðbundins safnaðar. Í þriðja lagi á það við um sambandið á milli staðbundinna safnaða í svæðisbundnu og hnattrænu samhengi. Sá skilningur að kirkja sé samfélag hefur bein áhrif á þann skilning sem lagður er í kristniboð og framkvæmd þess. Ef litið er á boðun sem samfélag hlýtur það að móta framkvæmd hennar. Þar sem boðun er ekki ætlað að vera kirkjunni sjálfri til vegsemdar geta kirkjur innan sömu hefðar á mismunandi svæðum og kirkjur í mismunandi hefðum á sama svæði tekið höndum saman um boðunarstarf á samkirkjulegum vettvangi. Samfélag sem viðheldur einingaranda og stendur vörð um að kirkjan sé almenn tjáir sig í auðmjúkri hollustu, gagnkvæmri virðingu, umburðarlyndi, þolinmæði og kærleika. Samstarf og sameiginlegt átak ætti að koma í stað þeirrar tilhneigingar að berjast um kristniboðsakra í ýmsum heimshlutum í kapphlaupi um að auka áhrif eigin kirkjudeildar eða félags. Samkeppni, landvinningaárátta og „veiðimennska“ til að fá kristið fólk til að skipta um kirkjudeild grefur undan erindi Guðs og stefnir því í voða.

Sameiginleg og/eða samkirkjuleg þátttaka í boðunarstarfi í ýmsum heimshlutum styrkir samneyti kirkna. Samstarf um boðun kemur fram í gagnkvæmri skuldbindingu og samnýtingu auðlindir, hvort heldur er af andlegum, mannlegum, efnislegum eða fjárhagslegum toga. Slíkt samstarf ryður burt allri tilfinningu um yfirburði, einangrun, tækifærishyggju og tortryggni. Kirkjur sem vinna saman eru líklegri til að viðhalda

anda einingar og miðla hver annarri af lærdómi og reynslu og uppskera þá blessun sem felst því að lifa í samfélagi trúaðra.

Sú hugsjón sem birtist í samheldni trúaðs fólks getur hjálpað kirkjunni að taka á viðvarandi flokkadráttum og sundrunu þjóðfélagshópa og til að miðla lækningu til heims sem er skemmdur af græðgi og ofbeldi. Safnaðarfólk er kallað sem limir hvers annars (Rm 12:5) til að „uppbyggja hvert annað“ (1Pess 5:11) og „sýna hvert öðru bróðurkærleika og ástúð“ (Rm 12:10). Þess vegna getur kirkjan sem samfélag trúaðra verið umhverfi sínu hvatning til að sýna samábyrgð og stuðla að réttlátu þjóðfélagi.

### 2.2.2. Boðun er efld af Orðinu og leidd af andanum

Kirkjan er sköpuð af virku orði Guðs (*creatura verbi*). Orðið viðheldur henni, veitir henni innblástur og eflir hana til starfa. Orð Guðs viðheldur lífi trúarinnar í margræðni og freistingum hinna síbreytilegu aðstæðna kirkjunnar. Hún býr einnig fólk Guðs til sérhvers góðs verks (2Tím 3:16) og gerir hana þannig færa um að takast á við þarfir fólks í afmörkuðu samhengi. Orðið skapar bæði vilja og innsæi í kirkjunni til að taka þátt í veldi Guðs sem birtist í Kristi.

Sakramentin eru „sýnilegt orð“ (enska: visible Word) og tengjast boðun einnig órjúfanlegum böndum ásamt markmiðum hennar og framkvæmd. Í skírninni hefur kristin kirkja fundið fyrirheitið um óskilyrta náð, fyrirgefningu og nýtt líf í Kristi – líf lærisveinsins. Skírnarnáðin nærir þetta líf lærisveinsins alla ævi í trú sem starfar í kærleika. Í skírninni er trúað fólk kallað til samfélags við þrenninguna í boðun og í þessari sömu köllun er það sent í fylgd heilags anda út í heiminn með

boðskap kærleikans. Skírnin er umboð til boðunar þar sem hver meðlimur kirkjunnar hefur sína eigin köllun og verkefni.

Hin andlega vídd boðunar felst einnig í altarissakramentinu. Ásamt kirkjunni er Kristur þar sjálfur nálægur í og með brauðinu og víninu þar sem hann gefur líkama sinn og blóð sitt til fyrirgefningar syndanna og gefur heiminum hlutdeild í lífi sínu. Altarissakramentið er „sakramenti nærverunnar“ og vísar til þess að náðarríkt veldi Guðs í veröldinni er veruleiki. Altarissakramentið leggur grunninn að boðun sem umbreytir, sættir og eflir. Það er einnig öflugt tákni sem gefur einingu sem er ofar mannlegum hindrunum, hvort sem þær tengjast kynþætti, tungumáli, þjóðerni, kynferði eða félagsumhverfi. Altarissakramentið flytur raunveruleika eilífðarinnar inn í kirkjuna, eflir hana til starfa og gefur heiminum forsmekk að hinni komandi fullkomnun (1Kor 11:26).

*Boðun er leidd af andanum:* Heilagur andi vekur fylgjendur Krists til meðvitundar og veitir þeim innblástur og leiðsögn til

*Altarissakramentið er „sakramenti nærverunnar“ og vísar til þess að náðarríkt veldi Guðs í veröldinni er veruleiki. Altarissakramentið leggur grunninn að boðun sem umbreytir, sættir og eflir.*

að bera vitni um óskilyrtan kærleika Guðs. Andinn endurvekur og endurnýjar kirkjuna í sífellu til að boða. Andleg endurnýjun er gjöf sem stafar af vitjun heilags anda. Endurnýjun í kirkjunni getur birst sem skapandi tilbeiðsla og endurnýjun í helgisíðum, skipulagi, boðunarstarfi og náðargjöfum. Allt eru þetta verk heilags anda sem notar mismunandi gjafir í mismunandi tilgangi. Þó hægt sé að líkja eftir endurnýjun þá verða heilindi hennar sannreynd af ávöxtum heilðrænnar boðunar.

Kirkjan er karismatísk því hún er leidd af andanum og gædd margvíslegum gjöfum. „Karismatísk“ þýðir ekki endilega að hún sé

hvítasunnukirkja. Þessi tvö hugtök hafa ekki sömu merkingu. Karismatísk kirkja notar allar gjafir andans til boðunar: flutning fagnaðarersindisins, lausn frá illum öflum, bæn fyrir lækningu, samfélags-eflingu, þjónustu og málsvörn. Náðargjafavakning und-

irstríkar þá staðreynd að kristin trú varðar manneskjuna alla: tilfinningar, skynsemi, vilja og ástríðu. Þetta skýrir þá staðreynd að náðargjafahreyfingar í kirkjum

hafa orðið til mikils kirkjuvaxtar og útbenslu. Boðun þarf að höfða til reynslu fólks. Það er nauðsynlegt fyrir kirkjuna, eins og tíunda þing Lútherska heimsambandsins lagði áherslu á, að finna leiðir „til samstarfs við hvítasunnukirkjur og náðargjafahreyfingar innan okkar eigin kirkna.“ Slíkt samstarf mundi gera kirkjunni kleift að rannsaka, greina og læra af karismatískum hreyfingum, bæði jákvæðum og neikvæðum afleiðingum þeirra, og draga af því lærdóm sem yrði kirkjunni gagnlegur til að þjóna af meiri trúfesti að boðun fagnaðarersindisins.

## 2.3. Guðfræðileg vídd boðunar

Þegar kirkjan vinnur að útbreiðslu fagnaðarersindisins, eflid af orðinu og leidd af andanum á vegi Krists, tekst hún markvisst og af trúfesti á við hið ögrandi samhengi 21. aldarinnar. Þegar hún glímir í bæn við þá áskorun sem samhengi hennar skapar þarf kirkjan sífellt að dýpka guðfræðilega íhugun sína á mismunandi þáttum og víddum boðunar. Áframhaldandi guðfræðileg íhugun á því hvernig staðið er að verki og megin stefjum kristniboðs styrkir kirkjuna til að halda áfram boðun sinni í samspili við það samhengi sem hún býr við.

### 2.3.1. Boðun sem umbreytir, sættir og eflir

Í þessu skjali er lögð áhersla á þrjár víddir boðunar: **umbreytingu, sáttargjörð og eflingu**. Þær endurspeglast í erindi Guðs sem skapar, endurleysir og helgar. Þær skerpast í skilningi boðunarinnar á þreföldum vegi Krists: vegi holdtekjunnar, vegi krossins og vegi upprisunnar. Þessar víddir gegnsýra boðunina alla (þ.e. prédikun, þjónustu, málsvörn réttlætis, samræður trúarbragða og umhyggju fyrir sköpuninni) og gefa kirkjunni mælikvarða á trúfesti sína frammi fyrir Kristi sem hefur sent hana út í heiminn.

*Umbreyting er stöðugt ferli þar sem hafna skal því sem niðurlægir mannskuna og vanhælgar lífið en halda fast í það sem staðfestir helgi lífsins og gjafir þess í hverri manneskju og eflir frið og réttlæti í þjóðfélaginu.*

## Umbreyting

Ritningin talar um þá umbreytingu sem er viðvarandi ferli algerrar endurmótunar lífsins. Hún snertir hverja þrá lífsins, hugmyndir, skipulag og gildi. Umbreyting er stöðugt ferli þar sem hafna skal því sem niðurlægir mennskuna og vanhelgar lífið en halda fast í það sem staðfestir helgi lífsins og gjafir þess í hverri manneskju og eflir frið og réttlæti í þjóðfélaginu. Þetta stafar af þekkingu á náðarríkum vilja Guðs sem kallar, réttlætir og eflir fólk gegnum heilagan anda til að umbreytast til ímyndar sonar Guðs og gefa sjálft sig sem verkfæri réttlætisins (Rm 12:2; 6:13; 1Pét 1:14-25; Ef 4:15-5:10; 2Kor 3:18; Kól 1:10-14; Tít 3:5).

Í ýmsum geirum þjóðfélagsins hefur verið ótullega unnið að breytingum og framförum á grundvelli óseðjandi mannlegrar þarfar fyrir sjálfsbetrun og ávinning. Slíkum breytingum, þó þær séu lofsverðar og oft nytsamlegar, má ekki rugla saman við umbreytingu sem frá sjónarhóli boðunar kirkjunnar er fyrst og fremst verk Guðs í sköpun sinni. Umbreyting, í ljósi upprisu Krists, er þegar möguleikar hins lífgefandi eðlis allrar sköpunar fá að njóta sín og er tjáning á verki náðar Guðs í náttúrunni. Umbreyting er viðvarandi verk heilags anda sem hefur áhrif, bæði í kirkjunni og í gegnum hana, til að umbreyta öllum heiminum. Þegar kirkjan lifir í eftirvæntingu eftir endurlausn Guðs sem er „nú þegar og ekki enn“ þarf hún að vera á varðbergi gagnvart því sigurvissa viðhorfi að hafa umbreyt í eitt skipti fyrir öll. Þess í stað á hún að taka við umbreytingunni í trú með þeirri margræðni og óvissu sem það felur í sér.

Boðun kirkjunnar sem umbreytir snertir einstaklinga, skipulag og samskipti í þjóðfélaginu. Postulinn Páll leggur áherslu á frelsandi náð Guðs sem sam-einar hin trúuðu Kristi í dauða hans, greftrun og

upprisu svo þau, eins og hinn upprisni Kristur, megi „lifa nýju lífi“ (Rm 6:4-14). Í þessu felst umbreytingin. Réttlættur af náð heldur hinn trúaði syndari fast í fyrirheit Guðs um að lífið sé fólgið með Kristi í Guði (Kól 3:3) og bregst af þakklæti við leiðsögn andans til að ganga á vegi Krists. Umbreyting er gjöf Guðs sem réttlætir og eflir fólk til að hafna mannvönsku og „þjóða limi sína Guði sem réttlætisvopn“ (Rm 6:13) og pola veg krossins, jafnvel dauða, öðrum til lækningar (2Kor 4:7-12). Páll útskýrir slíka umbreytingu þann-



© CAM Barbara Robra

ig: „En allir vér, sem með óhjúpuðu andliti endurspeglum dýrð Drottins, ummyndumst til hinnar sömu myndar, frá dýrð til dýrðar. Þetta gjörir andi Drottins.“ (2Kor 3:18).

Heilagur andi leiðir einnig kirkjuna og eflir hana til að boða umbreytingu á skipulagi og samskiptaleiðum í þjóðfélaginu. Í fylgd sinni við Krist á vegi holdtekjunnar kafar kirkjan djúpt í samhengi sitt og samsamar sig fórnarlömbum ranglætis, misnotkunar og útilokunar. Ásamt Kristi stendur kirkjan með þeim sem efnahagsleg hnattvæðing nýfrjálshyggjunnar gengur nærri og niðurlægir. Þannig verður hún kirkja hinna fátæku. Kirkjan gengur veg krossins er hún hafnar og fordæmir ranglátar og ofbeldisfullar athafnir og skipulag á heimilum og opinberum vettvangi og lýsir slíkt syndugt og skemmandi fyrir lífið í þjóðfélaginu. Boðun fer fram með prédikun, þjónustu eða kærleiksverkum (díakonía) og málsvörn. Það verður að gerast undir merki krossins til að efla samstöðu og von. Kirkjan fylgir Kristi á vegi upprisunnar er hún vitnar um fagnaðarerindið í orði, nærveru og verki og lætur ekki stjórnálalega eða félagslega kúgun og efnahagslega útilokun eiga síðasta orðið. Boðun sem kærleiksþjónusta er ekki bara tákni um trú heldur er það markviss vinna að sjálfbærnu samfélagi

fyrir alla. Í gegnum slíka boðun er kirkjan leidd af andanum til „að ryðja leið um vegleysu“.

Þegar kirkjan gengur á vegi Krists í sködduðum og ofbeldisfullum heimi gengst hún oft sjálf undir sársaukafulla umbreytingu. Séð frá vegi Krists er reynslan af umbreytingu ekki alltaf dýrlegur eða gleðilegur atburður. Til dæmis getur frelsun, eins og sáttargjörð, krafist þeirrar sársaukafullu reynslu að gefa eftir vald og forréttindi. Þegar umbreyting kallar á að við syndum gegn strauminum getur hún falið í sér fórnir, ofsóknir og jafnvel píslarvætti.

## Sáttargjörð

Ritningin lýsir því yfir að erindi Guðs feli m.a. í sér sáttargjörð: „Það var Guð sem í Kristi sætti heiminn við sig... og fól oss að boða orð sáttargjörðarinnar“ (2Kor 5:19). Í starfi sínu flytur kirkjan erindi Guðs um sátt. Hún er erindreki Guðs og þrábiður fólk fyrir hönd Krists um að sættast við Guð. Þetta er undirstöðuatriði í sáttargjörð: að endurreisa sambandið á milli Guðs og manna. Prédikun og vitnisburður sem felst í kristilegu líferni og kærleiksþjónustu mun leiða einstaklinga til iðrunar og trúar. Þeir fagna því að vera teknir inn í samfélag Guðs við hina „sendu“. Náð þessarar óverðskulduðu og óvæntu sáttar gerir mögulegt að víkka sáttargjörðina út yfir öll önnur mannleg tengsl: innan fjölskyldna, við aðra hópa, innan þjóðfélags og milli þjóða. Kirkjan er erindreki sáttargjörðar og friðar. Boðunarstarf kirkjunnar felur í sér sáttaumleitun, endurreisn friðsamlegs samþýlis og endurreisn og viðhald sambanda. Kirkjan þarfnast innblásturs frá þreföldum vegi Krists til að axla þessa ábyrgð á sáttargjörð. Þegar kirkjan gengur veg krossins tekur hún á sig þjáningu fórnarlamba og hroka illvirkja til að rýma fyrir friði og sáttargjörð. Það er erfitt verkefni að sannfæra illvirkja um ranglæti sitt og fá þá til að gefa sig að endurreisn réttlæt-

isins. En kraftur Guðs til sáttargjörðar fullkomnast í veikleika eða heimsku boðunar kirkjunnar.

Boðun kirkjunnar um sáttargjörð nær einnig inn á alþjóðavettvang. Á 21. öldinni búa mörg lönd enn við arfleifð kúgunar og ranglætis fyrri alda. Lönd sem liðu fyrir nýlendustefnu eru nú þjökuð af vaxandi fátækt af völdum hagkerfa nýfrjálshyggju sem knúin eru áfram af efnahagslegri hnattvæðingu. Slíkt eyðandi skipulag og kerfi á ekki að eiga síðasta orðið í heimi þar sem Guð hefur hnykkt endanleika dauðans. Boðun kirkjunnar á vegi upprisunnar er sú að gera frelsun og sáttargjörð mögulega fyrir hina kúguðu og kúgarana. Frelsun og sáttargjörð verða að fara saman. Frelsun sem tekur ekki nauðsynlegt tillit til þess að til sáttargjörðar muni að lokum koma býður upp á ósigur. Sáttargjörð án frelsunar er aðeins óraunsæ hugmynd. Sáttargjörð og frelsun krefjast endurreisnar réttlætis innan þjóðlanda og á alþjóðavettvangi svo fórnarlömb kúgunar og ranglætis endurheimti mannlega reisu. Gegnum frelsandi sáttargjörð og sættandi frelsun kemur kirkjan af stað ferli umbreytingar í eftirvæntingu eftir endanlegri sáttargjörð allra hluta í veldi Guðs hins efsta dags.

## Efling

Efling í gegnum boðun endurspeglar orð Jesú: „En þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir... allt til endi-

marka jarðarinnar“ (Post 1:8). Efling á hér fyrst og fremst við að Guð gefur fólki hlutdeild í mætti (*dynamis*) sínum til að vinna að útbreiðslu fagnaðarerindisins. Guð eflir kristna einstaklinga og kirkjuna alla gegnum handleiðslu heilags anda og með því að veita þær andlegu gjafir sem þarf til að framkvæma heildræna boðun kirkjunnar. Áhrif guðdómlegrar eflingar birtist þannig í lífi fólks að hver sá sem trúir á Jesú muni vinna þau verk sem hann vinnur og jafnvel enn meiri verk en þau. Guð eflir kirkjuna til að vitna um óskilyrta ást hans í Jesú Kristi í heimi þar sem hatrið er yfirgnæfandi. Þannig eflist kirkjan til að segja frá réttlætingu af náð í heimi þar sem allt virðist metið út frá markaðsgildi og til veita von mitt í ólýsanlegri, ofsafenginni þjáningu og örvæntingu.

Heilagur andi eflir kirkjuna til að standast það að misnota vald sitt

*Þetta er undirstöðuatriði í sáttargjörð: að endurreisa sambandið á milli Guðs og manna.*



til að hafa „vald yfir öðrum“ og til að ganga á vegi Krists þar sem allir eiga hlutdeild í valdinu. Í kirkjunni er sérhver skírð manneskja gædd sérstakri gjöf til boðunar til gagnkvæmrar uppbyggingar og hvatninga. Það á að rækta, heiðra og nota gjafir allra, hvort sem í hlut eiga karlar eða konur, leikmenn eða vígðir, ungir eða gamlir. Kirkjan á ekki að gera upp á milli þeirra magnlausu og þeirra sem hafa vald. Kirkjan á langtum frekar að ganga veg Krists þar sem hún nýtur góðs af að meðlimirnir efli hver annan. Slík efling flæðir frá nærveru hins eflandi, þrúeina Guðs sem er mitt á meðal þeirra.

Efling Guðs nær líka út til þjóðfélagsins gegnum boðunarstarf kirkjunnar sem er eitt þeirra tækja sem Guð notar til eflingar í heiminum. Gegnum starfsemi sína og kærleiksbjónustu mætir kirkjan brýnustu þörfum fólks í neyð (t.d. flóttafólks, vegalausra og fórnarlamba náttúruhamfara). Þó er kirkjan kölluð til að vinna meira en „gustukaverk“ eða stunda góðgerðarstarfsemi. Hún er kölluð til boðunar sem eflir. Kirkjan leitar leiða til að aðstoða þá sem þess þurfa, án tillits til uppruna þeirra eða trúarskoðana. Markmið hennar er að fólk endurheimti mann-

lega reisu með því að ráða yfir eigin lífi. Fyrir boðandi kirkju eru „hin þurfsandi“ ekki bara þau sem líða efnislegan skort, fjárhagslegan eða félagslegan, heldur einnig þau sem glíma við tilfinningalega,

geðræna og andlega erfiðleika eða vandamál í samskiptum. Fólk sem þjáist af geðhvarfaeinkennum, svo sem ruglingslegri sjálfsmynd, lágu sjálfsmati, þunglyndi og öðrum sálfélagslegum sjúkdómum, þarfnast athygli kirkjunnar á sama hátt og fólk sem

vegna fjárhags, félagsstöðu eða kúgunar lifir á jaðri þjóðfélagsins.

### 2.3.2. Heildræn boðun – staður og stund

Þegar kirkjan flytur fagnaðareri Guðs er hún háð stað og stund. Hún tekst á við verkefni sitt af trúfesti í síbreytilegu og flóknu samhengi. Þess vegna er boðunin alhliða og heildræn og tekur mið af því í markmiðum sínum, framkvæmd og á vettvangi. Markmið hennar ná yfir sköpunina alla (vistfræðileg málefni), lífið allt (félagsmál, stjórnmál, efnahag og menningu) og manneskjuna alla (þ.e. allt fólk og persónuna alla – andlegar, geðrænar og líkamlegar þarfir og þarfir á sviði samskipta og umhverfis). Framkvæmdin kallar á þátttöku kirkjunnar allrar, kvenna og karla, ungra og aldraðra.

Eðli kirkjunnar felst í samkirkjulegu samfélagi hennar um tilbeiðslu, prédikun og bjónustu. Þaðan flæðir heildræn boðun. Þaðan leitar kirkjan réttlætis með málsvörn sinni. Hún stuðlar að umbreytingu með eflingu og vinnur að friði og sáttargjörð. Þar sem kirkjan er almenn fer boðun fram alls staðar þar sem kirkjan er, á öllum tímum og meðal allra kynslóða. Þess vegna er sérhver söfnuður ábyrgur fyrir boðunarverkefnum á sínu svæði en á um leið að vera reiðubúinn til samvinnu við aðra á öðrum svæðum þegar kallað er til samstarfs og þátttöku í sameiginlegu kristniboði á stöðum sem ekki hefur áður verið vitjað.

Þegar kirkjan vinnur að heildrænni boðun í samhengi staðar og stundar þarf hún að leysa úr rökfræðilegum málefnum sem tengjast boðun. Um langa hríð og við ýmis tækifæri hafa kristniboðsdeildir og -félög, stofnanir og kristnir einstaklingar rætt um guðfræði boðunar og um innbyrðis samband ýmissa verkefna. Það eru m.a. prédikun og bjónusta, réttlætning og

*Kirkjan á langtum frekar að ganga veg Krists þar sem hún nýtur góðs af að meðlimirnir efli hver annan. Slík efling flæðir frá nærveru hins eflandi, þrúeina Guðs sem er mitt á meðal þeirra.*

réttlæti, hjálpræði og lækning, boðun og samræður trúarbragða. Skýrari skilningur á slíkum málefnum mundi hjálpa kirkjunni mjög að skilja og stunda heilðræna boðun.

## Prédikun og þjónusta

Heilðræn boðun kirkjunnar felur í sér prédikun eða vitnisburð og liðveislu eða kærleiksþjónustu. Hvernig tengist þetta tvennt þegar kemur að boðun í verki? Fagnaðarerindið er fyrst og fremst góðu fréttirnar um að Guð réttlætir syndarann af náð fyrir trú á Jesú Krist. Sem lifandi og skapandi orð Guðs er fagnaðarerindið fært í orð með málfæri sem fólk skilur á sinni tíð og í sínu samhengi. Boðun prédikunarinnar einbeitir sér að því að tryggja að öll kirkjan segi öllu fólk frá fagnaðarerindinu og að góðu fréttirnar varði fólk í aðstæðum þess. Boðun leiðir fólk til persónulegs fundar við hinn lifandi Guð og býður því að bregðast jákvætt við náðarríku kalli Kristis til eftirfylgdar. Gegnum boðun fagnaðarerindisins býður kirkjan fólk að taka á móti gjöf fyrirgefningarinnar í gegnum skírn, að taka þátt í kristnu samfélagi og að lifa lífi lærisveinsins í boðun.

Liðveisla, sem er óaðskiljanlegur þáttur í boðun, er mikilvæg birting kærleiksþjónustu. Ályktun í bréfi Lútherska heimssambandsins, „*Prophetic diakonia: For the healing of the world*“ (2002) (útgefið 2003) undirstrikar þá staðreynd að kærleiksþjónusta er kjarni fagnaðarerindisins og því miðlægt hugtak til skilnings á eðli kirkjunnar. Kærleiksþjónusta er ekki bara valkostur heldur mikilvæg í lífi kristins manns. Allt kristið fólk er kallað í skírninni til að lifa sem þjónar kærleikans með gjörðum sínum og lífsmáta í heiminum. Þetta hefst sem skilyrðislaus þjónusta við náungann í neyð og leiðir óhjákvæmilega til þjóðfélagslegra umbreytinga.

Í lútherskum kirkjum tekur kærleiksþjónusta á sig ýmsar myndir: Alþjóðleg neyðaraðstoð og þróunarstarf, þjónustustofnanir, málsvörn fyrir friði, réttlæti og ráðvendi gagnvart sköpuninni, kærleiksþjónusta og liðveisla innan safnaða og félagsleg þjónusta. Þegar kirkjan iðkar þessa þjónustu hefur hún tvö guðfræðileg atriði í huga.



© CAM Barbara Robra

Hið fyrra er að kærleikþjónusta er meira en góðgerðarstarfsemi. Kirkjan leggur þann skilning í kærleikþjónustu að hún sé samtvinnuð við *kerygma* (inntak boðunarinnar) og *koinonia* (borðsamfélagið) og sé því óhjákvæmilega spámannleg í eðli sínu. Hún gengur lengra en að bregðast við brýnustu þörfum og ræðst að rótum fátæktar, skaðlegs skipulags og kerfisbundins ofbeldis. Spámannleg kærleikþjónusta hafnar yfirlætislegri tvískiptingu milli „auðugra gefenda“ og „snauðra þiggjenda“ því bæði þau sem þjóna og þeim sem er þjónað umbreytast í sameiginlegri sókn sinni gegn ranglæti.

Hið síðara er að kirkjan hvílir á guðfræði krossins og þess vegna fær hún andlega leiðsögn til að samsama sig hinum þjáðu og útilokuðu. Það er ekki tilgangur kærleikþjónustu kirkjunnar að fá kristið fólk til að skipta um kirkjudeild. Kirkjan notfærir sér ekki varnarleysi fólks til að troða upp á það sínum sérstöku skoðunum.

Kirkjan og kristnir einstaklingar flytja fagnaðarerindið í orði og bera því vitni með lífi sínu í ýmsum aðstæðum. Það verð-

ur að vera samræmi á milli lífshátta og málflutnings, orða og verka. Prédikun og vitnisburður með kærleiksverkum eru óaðskiljanlegur hluti þess að útbreiða hið umbreytandi, sættandi og eflandi erindi Guðs til heimsins. Orð án athafna geta verið samhengislaus og máttvana, verk án orða geta verið merkingarlaus eða boðið upp á hvaða túlkun sem er.

Vissulega geta þær aðstæður verið einhvers staðar í heiminum að munnlegur flutningur fagnaðarerindisins sé ekki mögulegur og eina leiðin til vitnisburðar sé þjónusta án orða sem byggir á bæn. Slík þjónusta án orða getur tekið á sig margar myndir, s.s. neyðaraðstoð, kærleikþjónustu og baráttu fyrir félagslegri og stjórnmálalegri umbreytingu.

## Réttlætning og réttlæti

Réttlætning Guðs á syndaranum fyrir náð er hafin yfir allar mannlegar hugmyndir um réttarfarskerfi sem byggja á lögum verðskuldunar, endurgjalds, úthlutunar, skaðabóta og hefndar. Réttlætning af náð einblínir ekki á hvað syndarinn hefur gert eða lofar að gera heldur hvað Guð býður upp á. Boð Guðs, undirritað með blóði Krists, er um líf í nánu samfélagi við Guð. Þetta er náðarríkt boð Guðs sem réttlætir veru mannkyns og er einnig óverðskuldað boð Guðs sem réttlætir það að hinir trúföstu tilheyra húsi Guðs, hinu heilaga samfélagi.

Réttlætning af náð er því frelsandi og skapandi. Hún frelsar manneskjur *frá* því að vera stöðugt uppteknar af sjálfsréttlætningu, eigin gildi og afrekum og gefur nýtt upphaf og möguleika *fyrir* líf í gnægð. Frelсандi og skapandi réttlæti Guðs er einnig að verki í stórvirkjum Guðs í sögunni þegar þjáðir fá uppörvun, bandingjar lausn og kúgaðir frelsi. Þessi frelsun kemur til leiðar endurfæðingu lífs í samfélagi þar sem samstaða, sátargjörð og réttlæti blómstrar (Jes 61:1-7). Starf kirkj-

*Liðveisla, sem er óaðskiljanlegur þáttur í boðun, er mikilvæg birting kærleikþjónustu*

© FLM Margret Stasius



unnar að því að verja og vinna að réttlæti streymir frá frelsandi og skapandi réttlæti Guðs. Hin boðandi kirkja tekur þátt í að útbreiða réttlæti Guðs. Þegar náðin skapar rými fyrir frelsandi réttlæti er kirkjan kölluð til að greina þá mynd sem réttlætið tekur á sig í þjóðfélaginu. Kirkjan þarf að íhuga í bæn hvers konar réttlæti kemur á umbreytingu, sáttargjörð og eflingu í og fyrir þjóðfélagið.

Réttlæting af náð lætur ekki ranglæti né nokkurt annað verkfæri syndar og illsku óátalið. Trú á þann Guð sem réttlætir af náð gefur kirkjunni innblástur og eflir hana til að „gera rétt, ástunda kærleika og framgangna í lítillæti fyrir Guði“ (Mík 6:8).

## Hjálpræði og lækning

Lækning er hluti af erindi Guðs til heimsins og hana hafa margir fengið að reyna í mismunandi aðstæð-

um, sem og hinn andlega veruleika hjálpræðisins í gegnum endurleysandi nærveru Krists í lífi kristins samfélags. Það á bæði við um hópa og einstaklinga. Hjálpræðið felur í sér það fyrirheit að dag einn muni Guð uppfylla allt. Það er í stöðugri spennu við hinn harða veruleika lífsins og löngun þess til að hljóta lækningu. Lækning varðar spurningar um heilbrigði og sjúkdóma og læknisfræðilega, geðlæknisfræðilega, tilfinningalega og andlega meðferð og græðslu. Kristnu fólki í öllum kirkjudeildum er lækning mikilvægt guðfræðilegt stef sem gegnir þýðingarmiklu hlutverki í andlegu lífi. Tilvist sjúkdóma og



sú staðreynd að ekki læknastr allt kristið fólk sem glímir við veikindi vekur spurningar um samband heilbrigðis við hjálpræðið í Jesú Kristi.

Samkvæmt Ritningunni er Guð uppspretta allrar lækningar. Í Gamla testamentinu eru lækning og hjálpræði samtengd og þýða í mörgum tilfellum hið sama: „*Lækna mig, Drottinn, að ég megi heill verða; hjálpa mér, svo að mér verði hjálpað*“ (Jer 17:14). Hins vegar leggur Nýja testamentið lækningu af meini ekki að jöfnu við frelsun. Nýja testamentið gerir líka greinarmun á því að græða og gera heilt. Sumir fá bót meina sinna en verða þó ekki heilir (Lk 17:15-19) á meðan aðrir fá ekki bót meina sinna en verða heilir (2Kor 12:7-9). „Að fá bót meina sinna“ þýðir að ná aftur heilsu, komast til upprunalegs ástands. „Að verða heill“ á við þann raunveruleika hinstu tíma er líf fullri í gnægð brýst fram gegnum Krist, hinn særða græðara, sem tekur þátt í allri mannlegri þjáningu, dauða og lífi og yfirbugar ofbeldi, þjáningu og dauða með upprisu sinni. Í þessum skilningi benda lækning og hjálpræði fram til sama raunveruleika.

## Boðun og samræður trúarbragða

Kirkjur hafa að mismiklu leyti tekið þátt í samtali við fólk sem aðhyllist önnur trúarbrögð og sannfæringu. Í guðfræðilegri umræðu hefur mikið verið þráttað um þýðingu og markmið slíkra samræðna fyrir boðun. Vangaveltur eru um það hvort samtal skuli koma í stað boðunarstarfs, þjóna sem undirbúningur fyrir það eða vera hluti af heildarboðun kirkjunnar.

Samræður trúarbragða sem leita friðar og samstarfs í þjóðfélaginu, gagnkvæms skilnings og sannleika, eru eðlilegur þáttur í boðun kirkjunnar. Kirkjan er kölluð og send til að koma á umbreytingu, lækningu og sáttargjörð í þjóðfélaginu. Þess vegna varðar það boðun hennar að vinna með ólíkum hópum fólks til að friður komist á og að vera í samstarfi um að festa réttlæti í sessi. Samræður trúarbragða eru til dæmis áhrifaríkt tæki til að draga úr trúarlegri spennu og til að finna leiðir fyrir fjöltrúarsamfélög til umbóta til að taka á vanda fátæktar, mismununar og ofbeldis.

Hins vegar er kristin trú boðandi trú, eins og íslam og fleiri trúarbrögð. Það liggur í sjálfsmynd kristninnar að gefa öðrum hlutdeild í trúnni. Jesús blessaði lærisveina sína og fyrirskipaði þeim að gera allar þjóðir að lærisveinum (Mt 28:18-20). Kristur býður mannkyni öllu hjálpræði og frelsun fyrir trúna eina, án mannlegra verðleika. Þetta sérkenni Krists er grundvöllur boðunar kirkjunnar. Tíunda þing LWF ályktaði svo: „*Ríki Guðs nær lengra en mörk kirkjunnar.*“ Þó var þessu bætt við í yfirlýsingu boðunar- og kristniboðsráðstefnu Alkirkjuráðsins (WCC) í San Antonio árið 1996: „*Við getum ekki bent á neina aðra leið til hjálpræðis en Jesú Krist; um leið getum við ekki takmarkað mátt Guðs til frelsunar. Það gæti verið megin viðfangsefni samræðna trúarbragða að öðlast jákvæðan skilning á eðli boðandi trúarbragða og hvernig lífa má með þörf þeirra fyrir útbreiðslu. Hins vegar ættu samræður*



*trúarbragða ekki að miða að trúskiptum eða því að vinna samræðufélaga á sitt band.“*

Guðfræðingar hafa notað þrenninguna sem guðfræðilegt líkan fyrir samræður trúarbragða. Það gefur öðrum rými og viðurkennir tilvist þeirra auk þess að leggja guðfræðilegan grunn og gefa fyrirmynd að ástundun „sameiginlegrar leitar að sannleika“ í samræðum trúarbragða. Þessi nálgun út frá eðli þrenningarinnar getur gefið kirkjunni tækifæri til að leggja áherslu á sérstöðu Krists um leið og hún játar áhrif heilags anda utan kirkjunnar og verk Guðs í sköpuninni og í öðrum trúarbrögðum.

Áhersla á innri tengsl og gagnkvæmt traust hins þríeina lífs í Guði skapar grundvöll fyrir samtal í gegnum sameiginlegt líf í samfélagi. Það gerist

einnig þegar trúað fólk mætist á andlegri vegferð sinni. Þegar þrenningin er notuð sem líkan kemur líka í ljós umbreytandi þáttur í samræðum trúarbragða. Þegar sonurinn fer á vit hins ókunnna í trausti til föðurins og í fylgd heilags anda vogar kirkjan sér einnig í samtal við fólk ólíkrar trúar og á þá haldreipi í þeirri sýn hinstu tíma að Guð muni að lokum uppfylla allt. Traust til þeirrar framtíðar sem er Guði

*Samræður trúarbragða eru til dæmis áhrifaríkt tæki til að draga úr trúarlegri spennu og til að finna leiðir fyrir fjöltrúarsamfélög til umbóta til að taka á vanda fátæktar, mismununar og ofbeldis.*

falin eflir kirkjuna í að eiga hlutdeild í lífi fólks af ólíkri trú eins og nánir ferðafélagar á veginum til Emmaus í anda holdtekjunnar og umbreytingarinnar. Það dregur ekki úr þeim vitnisburði kristinnar manneskju að hún hefur fundið líf í gnægð í Jesú Kristi. Einlægur vitnisburður kristins fólks kemst því aðeins til skila að það sé reiðubúið að hlusta með opnum huga á það sem trúuðu fólki í öðrum hefðum er mikilvægast.

## 2.4. Guðfræði, samhengi og framkvæmd

Boðun sem samfylgd þarfnast guðfræði sem er ígrunduð og þróuð innan samhengis kirkjunnar. Í slíkri guðfræði, sem tekur mið af stað og stund, þarf einnig að huga að því boðunarstarfi sem fram fer innan kirkjunnar. Guðfræði boðunar byggir á þessu starfi og tekur mið af því.

Viðfangsefni þriðja hluta þessa rits er að skoða hvernig staðið er að boðun og hvað það segir okkur um hvernig boðandi kirkja lifir í þeirri köllun sinni að ganga erinda Guðs. Boðun flæðir frá því eðli kirkjunnar að vitna og boða. Tilgangur þriðja hluta er því ekki að gefa forskrift að boðunarstarfi í öllum kringumstæðum né telja upp þau fjölbreyttu verkefni sem kirkjan verður að leysa af hendi. Hér verður fremur leitast við að gefa almenna leiðsögn og ábendingar fyrir kristniboð í þeirri von að það vekir skapandi umræður og veiti innblástur að hugmyndaríkum verkefnum fyrir kirkjur og samstarfs hópa.

# FRAMKVÆMD BOÐUNAR

*Þeir nálguðust nú þorpið, sem þeir ætluðu til, en hann lét sem hann vildi halda lengra. Þeir lögðu þá fast að honum og sögðu: „Vertu hjá oss, því að kvölda tekur og degi hallar.“ Og hann fór inn til að vera hjá þeim. Og svo bar við, er hann sat til borðs með þeim, að hann tók brauðið, þakkaði Guði, braut það og fékk þeim. Þá opnuðust augu þeirra, og þeir þekktu hann, en hann hvarf þeim sjónum. Og þeir sögðu hvor við annan: „Brann ekki hjartað í okkur, meðan hann talaði við okkur á veginum og lauk upp fyrir okkur ritningunum?“ Þeir stóðu samtundis upp og fóru aftur til Jerúsalem. Þar fundu þeir þá ellefu og þá, er með þeim voru, saman komna, og sögðu þeir: „Sannarlega er Drottinn upp risinn og hefur birst Símoni.“ Hinir sögðu þá frá því, sem við hafði borið á veginum, og hvernig þeir höfðu þekkt hann, þegar hann braut brauðið. Lúkas 24:28-35.*



# FRAMKVÆMD BOÐUNAR

## 3.1. Kirkjan öll í boðun

Kirkjan lítur á boðun sem trúfasta tjáningu á köllun sinni. Köllun kirkjunnar er að vekja athygli á og eiga hlut í veldi Guðs sem birtist í Jesú Kristi. Boðun kirkjunnar í ýmsu formi og myndum stefnir að umbreytingu, sáttargjörð og eflingu í og á heiminum. Boðun er gjöf sem Guð gefur sérhverri skírðri manneskju jafnt sem kirkjunni allri: allt frá stökum söfnuðum til safnaða á landsvísu og samfélags allra kirkna í heiminum. Kirkjan öll (þ. e. sérhver meðlimur) tekur þátt í boðun því boðun er ekki forréttindi nokkurra fagmanna eða fárra auðugra safnaða og kirkna. Boðun í umboði einhvers annars er framandi hugsun. Það þýðir að kirkjan getur ekki látið aðra um boðunarstarf sitt í sama skilningi og hún getur ekki heldur látið aðra um tilbeiðsluna og lífið í umgjörð náðarmeðalanna. Boðun er einnig köllun kirkjunnar allrar, ekki bara einstaklinga, og því hvílir ábyrgðin á öllu heimilisfólki Guðs, samfélagi hinna sendu.

Vitundin um að kirkjan eigi sér sameiginlega játningu í samfélagi hinna sendu, allra heilagra á öllum stöðum, hér og handan tímans, gerir vitnisburð hennar (*martyria*) trúverðugan. Þegar kirkjan starfar sem samfélag en ekki einungis sem einangraðir, einstaka söfnuðir eða kirkjur, myndast samstaða og félagsskapur um boðunina og það dregur úr samkeppni og eyðslusömum tvíverknaði. Til dæmis



munu lútherskar kirkjur sem samfélag kirkna upp-skera blessun sem felst í sameiginlegum verkefnum. Boðunarstarfið sjálft mun njóta góðs af auðlegð upp-safnaðrar reynslu víðs vegar að úr heiminum og frá mörgum kynslóðum kristins fólks.

Boðunin verður að taka mið af stað og stund til að trúin festi rætur í lífsreynslu fólks. Þess vegna axlar hver kirkja grundvallarábyrgð á boðun í nánasta umhverfi og næsta nágrenni. En þar sem kirkjan er postulleg og almenn felur nálægðin ekki í sér einkarétt á boðunarstarfi. Að ástunda kristniboð er að ganga erinda Guðs. Þess vegna geta einstaklingar eða fjölskyldur víðs vegar um heiminn fengið köllun frá Guði í gegnum systursöfnuði til að vinna með annarri kirkju að boðun á öðru landsvæði eða í öðru félagslegu samhengi. Í ljósi þessa er sérhæfð þjónusta í alþjóðlegu samstarfi um boðun og þjálfun til hennar mjög mikilvæg. Þó þarf að gæta þess að köllun fólks til að fara á fjarlægjar slóðir til að sinna kristniboði, samstarfi eða ráðgjöf skipti ekki samfélaginu upp í „sendi-“ og „móttöku-“ kirkjur.

Samhengi boðunar í nútímanum verður sífellt flóknara. Þess vegna er samstarf um málefnið mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Víða er verið að reyna nýtt fyrirkomulag sem stuðlar að jafnri þátttöku og skiptingu ábyrgðar. Kirkjur í norðri og suðri tala nú um *samfylgd* í boðun. Orðið „samfylgd“ má tengja orðinu „samneyti“ sem vísar til þess að „neyta saman brauðs“. Kirkjur sem fylgjast að deila því úrræðum sínum hver með annarri. Eins og í Emmaussögunni fylgjast samferðamenn að og mæta saman öllum þeim málefnum, sársauka, von og gleði sem upp koma á leiðinni. Hinn upprisni Kristur sem slæst í förina gerir það að verkum að samfylgdin eflir og umbreytir kirkjunni og heiminum.

Í sumum kirkjum eru málefni kristniboðsins

enn afmörkuð við sjálfstæðar, kirkjutengdar einingar. Fyrir því eru sögulegar og skipulagslegar ástæður. Slík framkvæmd þarfnast nánari og dýpri guðfræðilegrar skoðunar í ljósi þess kirkjuskilnings að boðun sé óaðskiljanlegur hluti kirkjunnar í heild sinni. Nokkur kristniboðsfélög og -samtök hafa haft frumkvæði að því að skora á kirkjuna að íhuga eðli sitt sem boðandi kirkju til að fyrirbyggja að hlutverk og ábyrgð kirkjunnar verði óskýr. Slík umræða snýr líka að því að fella boðun inn í stjórnskipulag kirkjunnar, bæði svæðisbundið og á heimsvísu, jafnframt því að sameina vitnisburð í orði og verki.

### 3.2. Hin boðandi kirkja að verki

Hinni boðandi kirkju er boðun ekki einskorðuð við afmörkuð kristniboðsverkefni heldur lýsir hugtakið kirkjunni að störfum almennt. Kirkjan er efld af Orðinu og leidd af andanum. Henni er ljóst að boðun liggur í eðli hennar sem samfélags um vitnisburð. Þjónusta kirkjunnar á ýmsum sviðum gegnir lykilhlutverki í því að gera hana hæfa til boðunar sem samfélag um tilbeiðslu,

*Kirkjan er efld af Orðinu og leidd af andanum. Henni er ljóst að boðun liggur í eðli hennar sem samfélags um vitnisburð.*

prédikun, þjónustu, lækningu og einingu kristninnar.

### 3.2.1. Samfélag vitnisburðarins

Kirkjan er samfélag um vitnisburð. Hún boðar veldi Guðs sem birtist heiminum í Kristi og notar til þess allar þær andlegu gjafir (*charismata*) sem heilagur andi hefur af örlæti gefið henni. Samkvæmt 1Kor 12 eru kirkjunni gefnar and-

legar gjafir til að styrkja samfélagið (*koinonia*) til boðunar fagnaðarerindisins (*kerygma*) og til þjónustu og lækningar (*diakonia*). Sem samfélag vitnisburðarins getur kirkjan ekki fyllilega rekið erindi Guðs án þessara gjafa því þá yrði starfið ekki annað en mannlegt framtak. Boðandi kirkja er gáfum gædd til að umbreyta, sætta og efla.

### Tilbiðjandi samfélag

Kirkjan er samfélag sem tilbiður. Hún boðar veruleika og nærveru náðarríks veldis Guðs í Kristi sem fyrir Orðið og sakrament-in kallar og viðheldur trúföstu samfélagi syndara sem lifa í fyrirgefningu. Biðjandi, játandi og fagnandi samfélag er tákn um birtingu guðsríkisins.

Hið tilbiðjandi samfélag boðar einnig framtíðina með Guði, veruleika hins efsta dags sem mætir nútíðinni. Þess vegna biður kirkjan fyrir nýjum veruleika Guðs sem hún væntir að birtist í tilbeiðslu hennar. Vegna þess sem kirkjan er og þess sem hún væntir eflist hún í tilbeiðslunni til boðunar sem umbreytir og sættir. Þess vegna er mikilvægt að skipuleggja og undirbúa helgihaldið með boðun kirkjunnar í huga, minnug þess andlega vægis sem hlýlegt viðmót og gestrisni hefur.

### Nærandi samfélag

Kirkjan er nærandi samfélag. Hún lítur á sig sem samfélag sem er stöðugt að afla sér þekkingar og að sú þekking verði til í samfélagi. Mikilvægur þáttur í boðun kirkjunnar er að næra og aga lýð Guðs til boðunar. Veita verður jafnt kristilega sem guðfræðilega uppfræðslu svo kirkjan öll verði fær um að boða (Ef 4:11-12). Kristileg uppfræðsla sér fólki fyrir samfylgd á ævilangri trúargöngu. Sumar kirkjur líta svo á að uppfræðsla skuli „dýpka til að víkka“ og að hún sé „uppfræðsla til útbreiðslu“. Guðfræðileg fræðsla og menntun eru undirstöðuatriði til að tryggja áframhaldandi heildræna og spámannlega þjónustu sem styrkir boðun kirkjunnar um sáttargjörð og eflingu. Nýleg vitundarvakning meðal guðfræðimenntastofnana hefur kallað á breytta námsskrá. Kristniboð er ekki lengur álitin valgrein heldur meginefni allra kjarnagreina. Þessi áherslubreyting grefur á engan hátt undan hlutverki kristniboðsdeilda eða -stofnana í háskólum og prestaskólum. Þvert á móti er leitast við að auka mikilvægi þeirra sem þungamiðju í nærandi þjónustu kirkjunnar.

Bænin er miðlæg í öllu starfi tilbiðjandi og nærandi samfélags. Kirkjan treystir því að hún sé kölluð af Guði sem sendi hana út og veiti henni fylgd sína. Bænin er farvegur þessa trausts, trausts sem

*Kirkjan er samfélag sem tilbiður. Hún boðar veruleika og nærveru náðarríks veldis Guðs í Kristi sem fyrir Orðið og sakrament-in kallar og viðheldur trúföstu samfélagi syndara sem lifa í fyrirgefningu.*

endurnýjast og styrkist í sífellu með dýpkandi tilfinningu fyrir andlegum veruleika boðunarinnar. Bænin er líka farvegur Guðs fyrir umbreytingu, sáttargjörð, eflingu og lækningu fyrir heiminn (Mt 21:22; Jh 14:12-14, 15:16). Boðandi kirkja sem er bólstaður heilags anda og leidd af honum er biðjandi kirkja

## Samfélag boðbera

Boðandi kirkja er samfélag boðbera. Hún hefur öflugan og eflandi boðskap að færa. Boðskapurinn fjallar um sáttargjörð og hjálpræði Guðs í Jesú Kristi. Þess vegna boðar hún líka náðarríka umbreytingu Guðs á allri persónu okkar og á öllu fólki á hverjum stað og hverjum tíma. Boðandi kirkja er postulleg, ekki bara vegna þess að hún flytur þann boðskap sem henni er falinn heldur líka vegna þess að hún stendur vörð um heilindi boðskapar síns. Boðskapurinn kunngerir birtingu guðsríkisins og hafnar um leið á spámannlegan hátt stjórnskipulagi sem byggir á kúgun, valdaskiptingu, feðraveldi, eyðileggjandi og ofbeldisfullum kerfum og synd í samskiptum fólks. Þegar kirkjan flytur boðskap sinn með spámannlegri röddu knýr hún samfélag boðberanna sífellt til að greina og nefna samhengi sitt að nýju.

© FLM Margret Stasius



Samfélag boðberanna hefur skilning á því að boðskapurinn um náðarríkt veldi Guðs í Kristi megi flytja á ýmsa vegu: með prédikun Orðsins, með því að lifa þá köllun að vera náunga sínum góður náungi, með kærleikspjónustu og málsvörn fyrir réttlæti og friði. Áður fyrr einskorðaðist skilgreining margra kirkna á boðun við kristniboð sem stefnumót vantrúar og trúar. Þó prédikun og vitnisburður sé vissulega kjarni boðunar þá er það ekki það eina sem kristniboð felur í sér. Síðan 1970 hafa kirkjur, sérstaklega í suðri, litið á boðun í heildrænna og alhliða ljósi. Samfélag boðberanna vitnar um gleðifréttirnar í orði og verki. Þar fær fólk að reyna lífið sem fagnaðarerindið heitir í sínu eigin samhengi og samfélagið í víðari skilningi fær tækifæri til að njóta náðarríks boðs Guðs til „brúðkaupsveislunnar“ (Mt 22:1-12).

Samfélag boðberanna þekkir ýmsar leiðir til að bjóða fólki hlutdeild í birtingu guðsríkisins. Hingað til hafa kirkjur staðið fyrir „boðunarherferðum“ á ípróttavöllum, í tjöldum og á götuhornum eða ferðast milli þorpa og bankað upp á hjá fólki. Það hafa orðið framfarir í beitingu nútíma tækni eins og

útvarps, hljóð- og myndbanda og sjónvarps. Margar kirkjur nú til dags nota Netið eða símann til að flytja erindi Guðs með góðum árangri. Þó þessi samskiptatæki geti nýst vel til að ná til stórra hópa á veraldlegum vettvangi er hún fremur ópersónuleg. „Sýndarsöfnuðir“ hafa orðið til á Veraldarvefnum en fólk þráir áfram raunverulegt trúarsamfélag. Þess vegna stendur kirkjan frammi fyrir þeirri áskorun að endurskoða hefðbundnar samskiptaleiðir.

Ein aðferð sem enn er í fullu gildi eru hin persónulegu tengsl – maður á mann, augliti til auglitis – þvert á kynslóðabil og menningarmun til að segja gleðitíðindin. Þessi nálgun er opin, sveigjanleg og viðráðanleg fyrir alla boðbera.

Það er alls staðar hægt að koma henni við – heima fyrir, í vinnunni, í skólanum og á ferðalagi. Þegar kirkjan sem samfélag boðbera skoðar samhengi sitt gerir hún sér þó grein fyrir að

kristið fólk í sumum velsettum og veraldlegum löndum er hikandi og jafnvel tregt til að segja öðrum opinskátt frá trú sinni. Kirkjan þarf að takast á hendur ítarlega skoðun á samhengi sínu, guðfræði og þjónustu til að finna

ástæðurnar fyrir vangetu kristins fólks til að lifa til fulls sem boðberar. Sums staðar í heiminum þar sem heilðræn boðun hefur farið fram frá „manni til manns“, oftast í gegnum „heimiliskirkjur“ og endurnýjandi náðargjafahreyfingar hefur safnaðarfólki fjölgað gríðarlega. Til dæmis hefur lútherska kirkjan í Afríku vaxið um 300.000 meðlimi árlega. Kirkjan stendur frammi fyrir þeirri miklu þörf að sjá fyrir viðunandi prestþjónustu, umönnun og skipulagi. Samt sem áður hefur samfélag boðberanna fundið í gegnum þessar hreyfingar áhrifaríka leið til að vera kirkja í þjóðfélaginu sjö daga vikunnar.

## Þjónandi samfélag

Boðandi kirkja er þjónandi samfélag sem ástundar kærleiksþjónustu (*diakonia*) að fyrirmynd Drottins síns sem sagðist kominn „*ekki til þess að láta þjóna sér, heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir marga*“ (Mt 20:28). Kirkjan er þjónandi samfélag sem kemur boðskapnum um veldi Guðs í Kristi á framfæri í daglegu lífi fólks með kærleiksþjónustu. Kirkjur hafa verið virkar í kærleiksþjónustu, t.d. í skólum, á sjúkrahúsum, munaðarleysingjaheimilum og hjúkrunarheimilum. Þrátt fyrir að þjóðfélagið í heild sinni hafi notið góðs af slíkri þjónustu hafa einhverjir gagnrýnt kirkjuna fyrir að þjónustan sé „kristniboð“, þ.e. að hún sé veitt í þeim tilgangi einum að „vinna sálir“. Í þjónustu sinni vitnar kirkjan um veruleika ríkis Guðs sem birtist í Kristi hvort sem þjónustan er fyrir þjóðfélagið í heild eða liður í uppbyggingu innra starfs kirkjunnar. Hún gerir sér þó fulla grein fyrir því að slík þjónusta getur orðið yfirlætisleg og lokkað til sín fólk og því verður sífellt að íhuga og endurskoða kærleiksþjónustuna.

Hið þjónandi samfélag er líka þekkt fyrir kærleiksþjónustu í samstarfi við félagsmálastofnanir sem miðar að því að mæta mannlegri þörf og þörfum

*Ein aðferð sem enn er í fullu gildi eru hin persónulegu tengsl – maður á mann, augliti til auglitis – þvert á kynslóðabil og menningarmun til að segja gleðitíðindin.*



© FLM

Þjóðfélagsins og hafa þannig umbreytandi áhrif á innviði skipulags og lífið í þjóðfélaginu. Markmiðið er fyrst og fremst að gefa öllu fólki á afgerandi hátt hlutdeild í því auðuga lífi sem fagnaðarerindið heitir án þess endilega að færa það í orð eða ljá því rödd á einhvern hátt. Slík þjónusta er ekki bara góðgerðarstarfsemi. Hún miðar að því að umbreyta þjóðfélaginu í málsvörn fyrir réttlæti og með því að kalla eftir úrlausnum fyrir sjálfbært samfélag. Þess vegna þarf þjónustan að taka mið af árangri og áhrifum. Þessi óskilyrta kærleiksþjónusta sem gerir ekki upp á milli fólks kemur yfirleitt fram í þróunarverkefnum kirkjunnar: neyðarhjálp, mannúðarstarfi, endurbyggingu eftir hamfarir, þróunarstarfi og ýmsum umönnunarverkefnum.

Sumir hafa horn í síðu þróunarhugtaksins. Þeir telja það ekki samræmast boðun kirkjunnar því það gefi til kynna vestræna hugmyndafræði um stjórnmal og efnahag er byggð á sérstakri afstöðu til félagstengsla og nútímahyggju. Þó hefur skilningur á merkingu og markmiði þróunarstarfs stórbreyst. Þróunarstarf hefur öðlast aðra sýn sem beinist að lausn einstaklingsins ásamt umbreytingu og frelsun þjóðfélagsins sem felur í sér félagslega, menningarlega og andlega velferð fólks. Hún beinist ekki lengur eingöngu að efna-



Toutes les photos © FLM

legum auði. Samkvæmt þessum skilningi er þróunarstarf sem þáttur í ferli umbreytingar og eflingar órjúfanlegur hluti af boðun kirkjunnar. Í grasrótinni víða um heim er kirkjan sem þjónandi samfélag viðurkennd sem öflugur þáttur í virkri félagslegri eflingu og umbreytingu.

## Læknandi samfélag

Boðandi kirkja er læknandi samfélag. Allt frá upphafi hefur kirkjan lagt þann skilning í köllun sína og sendiför að hún sé læknandi samfélag og að það sé mikilvægur þáttur í þjónustu hennar í þjóðfélaginu (Mt 10:1; Mk 16:15-18) er hún fetar í fótspor Drottins (Post 4:30). Hún sér sig einnig sem samfélag sem er að læknast. Lækningin fer fram á persónulegu og félagslegu sviði. Hin boðandi kirkja er gædd ýmsum andlegum gáfum til að græða fólk. Heilsugæslustofnanir sem kirkjur reka veita einstaklingum umönnun og meðferð við líkamlegum og geðrænum kvillum og vandamálum á sviði samskipta og tengsla. Sjúkrahús, læknastofur og neyðarmóttökur eru leiðir sem kirkjan hefur nýtt til að sýna boðun sína um kærleika og eflingu í verki. Hin flóknu málefni er varða HIV/AIDS eru eitt hinna krefjandi verkefna kirkjunnar í dag. Hún stendur frammi fyrir heimsfaraldri og því hafa lúthersk-

ar kirkjur í norðri og suðri ásamt fleiri kirkjum verið virkar í herferð LWF gegn HIV/AIDS (sjá *LWF Plan of action: Conversion, compassion and care*, 2002).

Kirkjan viðheldur einnig hinni postullegu hefð að biðja fyrir lækningu og leggja hendur yfir sjúka. Í þessari þjónustu er beðið fyrir bata og lækningu, velferð og heilbrigði en aðaláherslan er þó á heilbrigði í þeim skilningi að manneskjan sé ein heild. Þess vegna nær umönnun kirkjunnar til manneskjunnar allrar ásamt tengslum hennar við aðra og stuðlar að umbreytingu hennar.

Kirkjan tekur líka á vandamálum og veikleikum þjóðfélagsins. Kirkjan er samfélag um umönnun, boðskap og þjónustu. Hún vinnur að því að græða djúp sár og viðvarandi sársauka af völdum græðgi í völd og auð og af völdum fordóma og ofbeldis í heiminum. Við upphaf 21. aldar bera margar þjóðir enn ör og finna til smánar og gremju vegna nýlendustefnu, hugmyndafræðilegra átaka, kynþáttahyggju og þjóðernishreinsana. Grimmdarverk hafa verið framin, fólk niðurlægt og farið hefur verið ránsendi um auðlindir, bæði efnisleg gæði og mannauð. Manneskjur – bæði fyrrum þolendur og gerendur – sem eru aðilar að sama gróandi samfélagi vilja losna undan

sársaukafullum minningum. Það ætti að vera megin áskorun kirkjunnar að finna sameiginlegar leiðir milli landa, fólks og kirkna til að lækna minningar og nema brott inngróna sekt og smán fortíðar.

### 3.2.2. *Oikumene* samfélag

Boðandi kirkja er *oikumene* samfélag. Þegar kirkjan gengur erinda Guðs annast hún heiminn sem sitt *oikos*, hús eða heimili. Það einkennir einnig kirkjuna að þó hún sé ekki af þessum heimi þá er hún í og með heiminum (Jh 17:15-18). Boðun kirkjunnar nær til þriggja sviða *oikos*: hins samkirkjulega, efna-hagslega og vistfræðilega. Víðari skilningur og hið samkirkjulega heimilishald birtist líka í þátttöku í samtali: gjöfulu samtali við allt það fólk sem lítur á jörðina sem heimili sitt.

### Samkirkjuleg skuldbinding

Sérhver kirkja sem er virk í heildrænni boðun í hnattvæddum veruleika nútímans gerir sér fljótt grein fyrir að boðun hennar nær yfir „allan hinn byggða heim“ en ekki bara valin svæði. Hún vinnur í samkirkjulegum anda að boðuninni ásamt öllu heimilisfólki Guðs og yfirstígur afmörkun kirkjudeilda. Vangeta kirkna til að ná einingu í fjölbreytileika eða að taka þátt í sameiginlegu boðunarstarfi hefur grafið undan trúverðugleika kirkjunnar. Á sama hátt hafa átök og ágreiningur milli kirkna og kirkjulegra stofnana haft neikvæð áhrif á líf og vitnisburð kirkjunnar. Orku, tíma og úrræðum er eytt í viðleitni til milligöngu og sáttumleitana ágreiningsaðila í stað þess að vinna að velferð heimsins.

Boðandi kirkja sem *oikumene* samfélag hefur frið, réttlæti, heilbrigði og líf í gnægð fyrir *oikos* í fyrirrúmi. Andi sáttargjörðarinnar blæs henni í brjóst að beita sér spámannlega í vaxandi óstöðugleika á vettvangi

stjórn mála og þjóðfélagsmála og gegn auknu ofbeldi á ýmsum svæðum í heiminum. Kirkjur hafa sýnt mikinn kjark í að bjóðast til milligöngu milli ágreiningshópa og stríðandi aðila, bæði á landsvísu og á alþjóðavettvangi. Oft hefur kirkjan jafnvel kallað herskáasta aðilann að samningaborði svo andstæðar fylkingar geti komist að samkomulagi. Það er brýnt fyrir bata heimsins að auka skilning, samstöðu, þolinmæði og kærleika milli kirkna. Þar sem eining kristinnar er eitt af markmiðum boðunar þarf samkirkjuleg samræða milli kristinna kirkjudeilda að hafa boðun að leiðarljósi.

### Þátttaka í samræðu

Kirkjan sem *oikumene* samfélag tekur fólk alvarlega sem aðhyllist önnur trúarbrögð og sannfæringu og lítur líka á jörðina sem heimili sitt. Viðvarandi skuldbinding kirkjunnar til að umbreyta, sætta og efla birtist líka í mismunandi leiðum til þvertrúarlegra samræðna fólks sem býr í fjöltrúarsamhengi.

Til dæmis hefur kristið fólk og múslimar í Malasíu tekið þátt í „samræðu lífsins“. Í daglegu lífi viðurkennir fólk hvert annað

*Það ætti að vera megin áskorun kirkjunnar að finna sameiginlegar leiðir milli landa, fólks og kirkna til að lækna minningar og nema brott inngróna sekt og smán fortíðar.*

sem trúaða einstaklinga og lifir og starfar með hvert öðru í friði. Árið 2002 og 2004 skipulagði LWF „Friðarfund“ fyrir Afríku og stefndi þá öllum trúarleiðtogum saman. Fundurinn setti saman framkvæmdaáætlun sem er samstillt vinna að friði um alla álfuna.

Á Indlandi vex fram viðleitni til að leita að sameiginlegum grundvelli til samstarfs, *dia-praxis*, fyrir fólk með mismunandi trúarhefðir:

sameiginlegar aðgerðir til að vinna að framgangi réttlætis, betri lífsgæðum og til að lina mannlegar þjáningar.

Á öðrum stöðum, svo sem í Nígíeríu og fjölmenningsborgum í norðri, hefur kristið

fólk og múslimar reynt að öðlast gagnkvæman skilning með samræðum. Skilningur á trúarsannfæringu hins aðilans stuðlar að gagnkvæmri virðingu og trausti sem greiðir fyrir samstarfi um frið og þróun í þjóðfélaginu. „Andleg nálgun“ í þvertrúarsamræðum á Indlandi er alveg jafn mikilvæg þar sem lögð er áhersla á bæn og íhugun. Þessar leiðir undirstrika lífsmáta sem virðir allt fólk sem ímynd Guðs. Lífið er farvegur samtals.

Önnur fær leið eru akademískar þvertrúarsamræður. Þær fara að mestu fram meðal fræðimanna og trúarleiðtoga. Á þessu sviði þurfa þátttakendur í samræðunum að hafa opið hugarfar hlutlægni og heiðarleika gagnvart sannleikskröfu mótaðilans með afdráttarlausum möguleika til endurskoðunar ef það sem borið er fram skeykur grundvöll trúar þeirra. Fyrir kirkjuna er þessi sameiginlega leit að sannleika traustvekjandi leiðangur á vit hins ókunna sem hefur eðli þrenningarinnar að leiðarljósi í samræðunni. (Sjá rit LWF *Dialogue and beyond*, mars 2003).

Ennfremur er kirkjan sífellt kölluð til samræðu við frjáls félög og ýmsar stofnanir utan stjórnmalanna um mikilvæg málefni sem snerta velferð fólks og tengsl þess í þjóðfélaginu. Umbreyting, sáttargjörð og efling geta átt sér stað og gera það gegnum samfundi og samtal kirkjunnar við hópa sem vinna að félagslegum, efnahagslegum og vistfræðilegum málefnum.

## Efnahagsleg skuldbinding

Kristið fólk lifir í skírnarköllun sinni á ýmsum sviðum daglegs lífs að efnahagslífi meðtöldu. Hér reynir fólk að sjá sér farborða, jafnt fjölskyldum sínum sem og stærra samfélagi. Vandamálið er að ranglæti, sérstaklega af völdum efnahagslegrar hnattvæðingar, gerir mörgum það sífellt erfiðara. Þess vegna er mikilvægt að kirkjan sem *oikumene* samfélag hefji upp spámannlega raust sína gegn kúgandi og ranglátu fyrirkomulagi og kerfi og hvetji um leið þá meðlimi sína sem geta haft áhrif á þessi kerfi að breyta stefnu þeirra og aðferðum innanfrá.

Kirkjur, jafnt staðbundið sem á landsvísu og hnatt-rænt, hafa tekið höndum saman um að tala máli réttlætis og friðar til að útrýma fátækt og banvænum sjúkdómum. *Oikumene* samfélagið tekur þátt í boðun í heimi sem getur eytt sjálfum sér mörgum

*Umbreyting, sáttargjörð og efling geta átt sér stað og gera það gegnum samfundi og samtal kirkjunnar við hópa sem vinna að félagslegum, efnahagslegum og vistfræðilegum málefnum.*

sinnum og virðist ófær eða ófús til að útrýma fátækt og hungri. Þess vegna biður kirkjan fyrir eflingu Guðs ríkis og leiðsögn. Hún leitar líka leiða til að styðja fórnarlömb ranglætis og beitir virkri forvörn til að umbreyta fjandsamlegum áhrifum efnahags- hnattvæðingar nýfrjálshyggju.

Dæmi um samstarf er ákall um „hnattvæðingu samstöðunnar“. Markmiðið er að hlúa að og stuðla að sameiginlegum áætlunum til að fella niður skuldir fátækra ríkja, að verja viðkvæm hagkerfi fyrir fjölþjóða samsteypum og styrkja valkosti í viðskipta- samningum. Lykillinn að þessum og öðrum áætlunum er að næra „andlega mótspyrnu“ sem hluta af hnattrænni samstöðu. Kirkjur geta sótt í sjóði andlegrar arfleifðar til að rísa gegn ríkjandi stefnu og hugsunarhætti valdhafa. Í gegnum safnaðarlíf gerir hún meðlimi sína færa um að sporna gegn viðteknum forsendum og vinna að umbreytingu þeirra stefnumála sem stýra efnahagslegri hnattvæðingu í samstarfi við aðrar kirkjur, aðrar trúarhefðir og frjáls félög. Sagan frá veginum til Emmaus er sterk fyrirmynd fyrir vegferð kirknanna er þær taka þessari áskorun (sjá rit LWF *A call to participate in transforming economic globalization*, 2002, og bókina *Communion, responsibility, accountability*, 2004).

## Vistfræðileg skuldbinding

*Oikumene* samfélag hefur sterka trú á hinni góðu sköpun Guðs. Hún er fyrst og fremst sköpun Guðs sem síðan er tekið við með þakklæti sem *oikos* (heimili) fyrir allar manneskjur. Fyrsta skrefið til vistfræðilegrar skuldbindingar boðandi kirkju er syndajátning og iðrun. Öldum saman hafa „handanheims“ viðhorf kirkjunnar og áhersla hennar á mannleg völd eða yfirvald yfir sköpuninni auðveldað arðrán og eyðingu náttúrunnar. *Oikos*-jörðin þjáist.



© CAM Barbara Robra

Kirkjan þarf, sem græðandi samfélag á hverjum stað, að skoða sköpunina í heild sinni í ljósi fagnaðarerindisins og leita leiða til að endurheimta heilbrigði jarðarinnar. Veröldin er ekki fyrst og fremst mannlegt umhverfi, leiksvið fyrir sáluhjálp mannkyns. Hún á sér öllu heldur sjálfstætt hlutverk í frelsisáætlun Guðs. Í sýn Páls postula „mun sköpunin sjálf leyst verða úr ánaud forgengileikans til dýrðarfrelsis Guðs barna“ (Rm 8:20-21). Kirkjan sem *oikumene* samfélag með tengsl út um allan heim ætti að efla og setja í forgang þátttöku sína í því að endurreisa

jörðina og fyrirbyggja frekari eyðingu vistkerfa af völdum notkunar jarðefnaeldsneytis, eiturefnamengunar og útrýmingu tegunda, svo eitthvað sé nefnt. Það er mjög brýnt að kirkjan, ásamt frjálsum félagasamtökum og sjálfboðahreyfingum, sem umhugað er um

afkomu jarðar, hefji upp spámannlega raust sína og nefni og hafni eyðandi athæfi gegn *oikos*. Allir hlutaðeigandi aðilar eiga að hvetja til staðbundinna verka um endurreisn vistkerfa og styrkja þau fjárhagslega. Vistfræðileg skuldbinding er mikilvæg köllun til boðunar.

### 3.3. Nýjar áskoranir og verkefni fyrir boðun

Sá hluti þessa rits sem fjallar um *samhengi boðunar* lýsir á afgerandi hátt áskorunum og tækifærum sem blasa við í síbreytilegu samhengi boðunar. Hnattvæðing sem vex hröðum skrefum með aðstoð hátækni, markaðsviðhorfa og neysluhyggju sem því fylgir, hefur þegar haft áhrif á öllum sviðum lífsins. Það er sorglegt að það sem stuðlar að hnattvæðingu (þ.e. auður, upplýsingatækni og fagkunnátta) er einmitt það sem skiptir upp heiminum með því að útiloka meirihlutann. Það er kaldhæðið að í heimi hátækni, kappnógra upplýsinga og þekkingar hefur harka og umfang ofbeldis vaxið úr hömlu. Stórfelld breyting hefur orðið á samhengi lífs okkar. Þar sem boðun ætti alltaf að vera í samhengi við stað og stund þarf kirkjan að yfirfara aðferðir sínar, grannskoða þær og endurmóta með því markmiði að þær séu viðeigandi og áhrifaríkar í og fyrir samhengi nútímans.

#### 3.3.1. Boðun til „endimarka jarðarinnar“

Jesús lofaði vinkonum sínum og vinum að heilagur andi mundi gefa þeim kraft til að vitna um hann „allt til endimarka jarðarinnar“ (P 1:8). Síðan þá hefur fagnaðarerindið verið boðað í öllum heimsálfum en þó eru enn staðir þar sem góðu fréttirnar um náð Guðs í Kristi hafa ekki enn heyrst og hlotið viðtöku. Í norðri og suðri hafa tveir þriðju hlutar íbúanna ekki



© Henri Fallon, <http://henri Fallon.net>

enn kynnst eða þekkja ekki lengur Krist sem Drottin og frelsara.

Þungamiðja kristninnar hefur flust frá norðri til suðurs og um leið hefur meirihluti fólks í löndum sem kölluðust kristin orðið skeytingarlaus og jafnvel fjandsamlegur í garð vitnisburðar kirkjunnar um fagnaðarerindið. Sumir íbúar þessara landa þekkja ekki Jesú Krist. Þessar manneskjur eru alltaf „endimörk jarðarinnar“ í huga hinnar boðandi kirkju. Þetta fólk býr ekki endilega á fjarlægum stöðum heldur geta aðstæðurnar verið nýjar og boðið upp á ný og krefjandi tækifæri til vitnisburðar (*martyria*) fyrir Drottin sögunnar.

Á síðari hluta 20. aldar hafa orðið miklar tækniframfarir og skemmtanaiðnaður vaxið. Um leið hefur kirkjan horfið (í bókstaflegri og yfirfærðri merkingu) úr miðkjarna stórborga. Kirkjan er við jaðar borgarlífs og viðskipta og hefur ekki lengur umtalsverð áhrif á líf og framtíð borgarsamfélagsins. Þar sem best lætur hefur kirkjan takmarkað sig við umönnun fólks sem farið hefur halloka fyrir kröfum borgarlífsins. Hvaða nýju tækifæri biða boðunar kirkjunnar í stórborgum eins og Sao Paulo, New York, London, Nýju Delhi og Nairobi? Hvernig getur kirkjan aftur öðlast þýðingarmikla nærveru og haft viðeigandi áhrif á líf borgarinnar?

Tilgangurinn er ekki að kirkjan fari að keppa við stjórnmál, efnahagsmál og skemmtanaiðnað um áhrif á lífið í borginni eða líf þjóðarinnar. Eitt af hinum ögrandi viðfangsefnum kirkjunnar er að veita samfélögum og þjóðum samfylgd til staða og aðstæðna á „endimörkum jarðarinnar“ og þora að vera kirkja þar sem enginn hefur áður vogað sér. Þetta eru ekki endilega „staðir“. Þetta geta líka verið hagsmunahópar eða hugmyndafræði og ákveðin svið í lífi fólks. Til dæmis er hátækni algengur áhrifavaldur

í lífi fólks í dag. Þegar rétt er farið með hátækni getur hún veitt þægindi og bjargað mannlífum en í sumum tilvikum getur gervigreind svipt fólk mannlegri reisn. Rannsóknir á þróaðri upplýsingatækni, erfðaverkfræði og öruggum endurnýjanlegum orkugjöfum fara nú þegar fram. Hvers þarfnast kirkjan til að vera við uppsprettu tækninnar til að gera hana manneskjulegri? Það er nauðsynlegt fyrir kirkjuna að móta siðfræðileg viðbrögð við tækninotkun en það er ekki nóg. Boðunarstarf kirkjunnar kallar á samfylgd með frumkvæði að inngripi í varasamar aðstæður.

Kirkjunni bjóðast tækifæri til fylgja fólki sem lendir í klóm ábatasamrar, eyðandi neðanjarðarstarfsemi sem er yfirgripsmikil, einkarekin og erfitt að festa fingur á (t.d. verslun með eiturylf, vopn, konur og börn og klám á Netinu). Enn viðsjálli er misbeiting á fólki í atvinnuþróttum, andakukli og leynireglum (sem hafa umtalsverð áhrif í alþjóðastjórnmálum). Kirkja hvers staðar og hvernar þjóðar er í bestri aðstöðu til að bera kennsl á þau svið sem eru á „endimörkum jarðarinnar“ og koma á viðeigandi samfylgd í boðuninni.

*Kirkjunni bjóðast tækifæri til fylgja fólki sem lendir í klóm ábatasamrar, eyðandi neðanjarðarstarfsemi sem er yfirgripsmikil, einkarekin og erfitt að festa fingur á.*

### 3.3.2. Boðun og áskorun upplýsingatækninnar

Ör þróun í samskiptaleiðum og upplýsingatækni hefur einnig áhrif á það samhengi sem boðun fer fram í. Það er mikil þörf á að kirkjan íhugi þau ögrandi tækifæri sem slíkar breytingar bjóða upp á í lífi fólks og fyrir boðunina sérstaklega. Upplýsingatækni hefur til dæmis gjörbylt samskiptamáta fólks, hugsunarhætti og lífsháttum – veru þess allri. Í boðunarstarfi sínu þarf kirkjan að finna nýjar leiðir til að vera kirkja.

Margar kirkjur víða um heim nýta sér Veraldarvefinn nú þegar á hugmyndaþátt til boðunar (t.d. „sýndarkirkjur“ sem leið til að ná til fólks sem ekki sækir kirkju, guðsþjónustur á Netinu fyrir vefflakka). Áskorunin sem kirkjan stendur frammi fyrir er gríðarleg. Internetið og mýgrútur af rafeindagræjum (tölvuleikir, geisladiskar o.fl.) er oft misnotað til að efla ofbeldismenningu. Þetta hefur djúp áhrif á hugsunarhátt og lífsmáta notendanna vegna vanabindingar sem það skapar, sérstaklega hjá börnum og ungmönnum. Ennfremur þarf kirkjan að taka alvarlega hvernig guðfræði, guðfræðileg uppfræðsla, uppeldi og boðun meðal hinna skírðu fer fram í ljósi vefmenningarinnar. Þetta eru allt málefni við „endimörk jarðarinnar“. Guðfræðin hefur staðið frammi fyrir því að standast heimspekilegar forsendur og viðmið og nú þarf hún að halda í við uppgang vísinda og tækni.

Áskorunin felst ekki bara í að guðfræði lifi af stöðuga gagnaleit á Internetinu að nýjum, uppfærðum og markaðsvænum upplýsingum heldur felst hún líka í því að upplýsingatæknin verði gagnlegt verkfæri til að segja „gömlu“ en kröftugu söguna um Jesú Krist.

Hin öra þróun upplýsingatækninnar hefur aukið bilið milli þeirra sem eiga og þeirra sem skortir. Margt fólk í Suður-Ameríku er enn að bíða eftir að komast í fyrsta sinn í síma eða tölvu. Það er mikilvægur liður í starfi kirkjunnar að hún beiti sér í þessum kringumstæðum.

### 3.3.3. Auðlindir og leiðir til boðunar

Köllun til boðunar eru góð tíðindi fyrir kirkjuna. Þess vegna þarf kirkjan að skipuleggja boðunina vel. Við skipulagningu boðunarstarfs er mikilvægt að sýna útsjónarsemi. Á öllum sviðum kirkjustarfs, og þá fyrst innan safnaðanna, ætti góð nýting auðlinda – hvort heldur er mannlegra, efnislegra eða fjárhagslegra – að hafa aðalforgang. Þar sem boðun er háð samhengi staðar og stundar og er framkvæmd af kirkjum á hverjum stað gegna staðbundnir söfnuðir mikilvægu hlutverki, sérstaklega við þróun leiða til boðunar. Öflug áætlun á safnaðarstigi sem hefur þróun boðunaraðferða að markmiði er forsenda þess að það takist að uppræta „þurfaingaheilkennið“ sem hefur lamað margar kirkjur í skuldugum löndum. Boðun er í eðli sínu háð samhengi. Það kallar á að boðun jafnt einstakra safnaða sem og kirkna á landsvísu byggji markvisst á

*Þar sem boðun er háð samhengi staðar og stundar og er framkvæmd af kirkjum á hverjum stað gegna staðbundnir söfnuðir mikilvægu hlutverki, sérstaklega við þróun leiða til boðunar.*

© FLM



þeim úrræðum sem fyrir hendi eru og leiti jafnframt leiða til að auka aðgang að fleiri möguleikum (t.d. tækni og fjármagni). Þegar unnið er af góðri ráðsmennsku í ákveðnu samhengi ber að forðast aðfluttar aðferðir sem kalla á mikla yfirbyggingu.

Um leið og kirkjan þróar ráðdeild sína þarf hún að grannskoða kirkjuskipulagið til að sjá hvort það greiði fyrir boðun eða ekki. Kirkjuskipulag ætti að vera sveigjanlegt og hæfa raunverulegu

samhengi og auðlindum hverrar kirkju en ekki afrita framandi skipulag. Þungt og topphlaðið kirkjuskipulag kæfir líf og boðun kirkjunnar svo að boðunin rýrnar niður í að styðja bara við skipulagið. Margar kirkjur í suðri eru enn háðar erlendum fjárstuðningi, aðallega til reksturs yfirstjórnar.

Í samvinnu kirkna við boðun eru þær háðar auðlindum hver annarrar – andlegum, mannlegum, efnislegum eða fjárhagslegum. Auðlindir eru fyrst og fremst gjafir Guðs og þess vegna eru allar kirkjur þiggjendur og ráðsmenn þessara gjafa. Annars vegar stefnir gagnkvæm þörf starfsins að sameiginlegri eflingu og umbreytingu sem byggir á gagnkvæmu trausti og ábyrgð. Markmið þess að kirkjur séu gagn-

kvæmt háðar hver annarri er ekki að tryggja velferð kirknanna heldur að styrkja getu þeirra og færni til að stunda boðun sína. Hins vegar standa margar kirkjur í suðri frammi fyrir gríðarlegri áskorun í starfi sínu (efnahags- hörmungum, stríði, landflótta fólki, hungursneyð o.fl.) sem er þjóðunum ofviða. Kirkjur í efn- aðri löndum ásamt stofnunum þeirra og kristniboðsfélögum, sem eru ráðsmenn gjafa Guðs á sviði boðunar, ættu að íhuga af fullri alvöru spurninguna um „tví- hliða“ og „fjölhliða“ þörf. Fjölhliða gagnkvæmni er áriðandi í boðun kirkjunnar. Þegar þessar kirkjur, stofnanir þeirra og félög vinna að boðun umbreytingar, sáttargjörð- ar og eflingar þurfa þær að laga verkefni sína að fátækum lönd- um og kirkjum. Þá ættu þær að véfengja og afhjúpa viðhorf rán- yrkju, tungutak neysluhyggju og lítilsvirðandi aðferðir markaðs- hagfræði. Þær ættu að hjálpa til við að efla samvinnu um boðun sem yrði annars konar samfélag – skjól vonar – og efla og styðja fórnarlömb fjandsamlegra áhrifa hnattvæðingar í allri sinni mynd.

### 3.3.4 Boðunar og pílagraímaferðir

Pílagraímaferðir og kyrrðardagar hafa undanfar- ið vakið mikinn áhuga kirkna í Evrópu. Þúsundir manna, ungir og aldraðir, konur og karlar hafa tekið frá tíma í annríki sínu til að verja helgi eða viku til andlegrar iðkunar í bæn, biblíulestri, söng og kyrrð þagnar og hlustunar. Áður fyrr fóru einstaklingar og hópar í pílagraímaferðir til að mæta eigin andlegum þörfum og var markmiðið ekki boðun sérstaklega. Samt sem áður nutu kirkjur og fólk sem fyrir varð á leiðinni einnig andlegrar uppörvunar.

Endurvakning pílagraímaferða sem leið til boðunar gæti reynst kirkjum nútímans mjög nytsamleg. Þetta gæti verið hagnýt leið fyrir pílagraíma til að læra, upplifa og mynda samstöðu. Þess vegna gæti þetta orðið áhrifaríkt tæki til að næra og efla „and- lega andspyrnu“ þegar kirkjan verður fyrir áhlaupi efnishyggju, veraldarhyggju og neysluhyggju. Þetta gæti líka orðið einstakt tækifæri fyrir sameiginlega andlega styrkingu og vitnisburð í orði og verki. Pílagraímaferðir má skipuleggja jafnt staðbundið, á landsvísu eða alþjóðlega auk þess að ganga þvert á kynslóðabil og kirkjudeildir.

Boðun gegnum pílagraímaferðir hjálpar til við að draga fram þá grunnhugsjón kirkjunnar að hún sé umbreytandi farandkirkja, kirkja á ferð á Emmaus- veginum. Boðandi kirkja er kirkja í pílagraímaför. Hún fer ekki aðeins á milli staða heldur einnig frá nútíð til framtíðar og frá þessari öld til nýrrar aldar Guðs. Þessi farandkirkja pílagraíma er gædd gjöfum heilags anda til að greina tímanna tákn og boða birtingu Guðs ríkis.

# NIÐURSTAÐA



# NIÐURSTAÐA

Viðhorfin sem birtast í skilningi á boðun kirkjunnar hafa breyst mjög í gegnum reynslu og starf aðildarkirkna Lútherska heimssambandsins. Á fjórða þinginu í Helsinki, 1963, var kristniboð enn skilgreint sem þröngur vettvangur afturhvarfs frá vantrú til trúar. Síðan á sjötta þinginu í Dar es Salaam, 1977, hefur skilningurinn og framkvæmdin einkenst af heilðrænu starfi að prédikun, málsvörn og þjónustu við manneskjuna alla og allt fólk. Áhersla á

málsvörn fyrir réttlæti, friði og heilindum gagnvart náttúrunni hefur eflst æ meir. Samráðsfundur Lútherska heimssambandsins um kristniboð í Nairobi, 1998, áleit umbreytingu vera mikilvægan þátt í boðun og um leið að samstillt samkirkjustarf að boðunarverkefnum væri mikilvægur liður í boðunarstarfi á 21. öld. Í sama anda leggur þetta rit áherslu á hugsjón hinnar boðandi kirkju þar sem boðun felst í kjarna veru hennar sem líkama Krists. Hér er



© Photo Hilbold-Croiset

líka ítrekaður sá skilningur að boðun sé hlutdeild í veldi Guðs sem birtist í Kristi og takist á hendur sameiginlegan leiðangur með fólki í samhengi þess með skarpa sýn á að umbreyta, sætta og efla.

Þessir brennipunktur boðunar – umbreyting, sáttargjörð og efling – lýsa henni réttilega sem starfi kirkjunnar að erindi hins þríeina Guðs: skapandi, frelsandi og helgandi. Þeir endurspeglu líka þau einkenni boðunarinnar að hún sé heildstæð og í samhengi, þ.e. boðun leidd af heilögum anda á vegi sonarins, vegi holdtekjunnar, krossins og upprissunnar. Boðun er innsta eðli kirkjunnar. Boðunin streymir fram frá samfélagi fólks sem vitnar. Kirkjan gjöf náðarríkrar réttlættingar Guðs sem kallar hana til boðunar.

Einn tilgangur þessa rits er að vera tæki fyrir lútherskar kirkjur í sjálfsskoðun þeirra og endurskilgreiningu boðunarstarfsins í því samhengi sem þær búa við. Til að þetta rit þjóni sem slíkt tæki þurfa kirkjurnar að gæða túlkunarspíralinn lífi með raunverulegu boðunarstarfi. Kirkjur þurfa að skoða samhengi sitt, framkvæmd og guðfræði af gaumgæfni til að boðun þeirra hafi þýðingu. Sífelld þarf að rýna í og skilgreina samhengið. Kirkjur á öllum stigum eru kallaðar til að greina þörfina fyrir umbreytingu, sáttargjörð og eflingu. Þar þarf kirkjan að standa með fórnarlömbum ranglætis og ofbeldis. Hún verður að afhjúpa og fordæma ill öfl og aðstæður sem afbaka og trufla sköpunina og skerða mennsku þjóðfélagsins.

Kirkjan þarf að skoða gagnrýnum augum hvernig boðun hennar fer fram. Er boðunin raunveruleg framkvæmd í trú sem miðar meðvitað að því að hafa áhrif til umbreytingar, sáttargjörðar og eflingar í þjóðfélaginu eða er hún bara vani? Í ljósi þessa rits getur kirkjan rannsakað hvort boðun hennar

sé heildræn og í samhengi. Í rauninni getur kirkjan gert úttekt á boðunarstarfi sínu til að komast að hvort kirkjan tekur öll þátt í allri boðuninni eða hvort einstakir þættir hennar (t.d. prédikun, þjónusta, málsvörn og umhyggja fyrir sköpuninni) leiði til umbreytingar, sáttargjörðar og eflingar. Einnig má meta auðlindir kirkna á hverjum stað. Kirkjan getur þannig komið auga á ný tækifæri og fundið þau úrræði og þá samstarfsaðila sem þarf til að ná árangri.

Að lokum kallar þetta rit kirkjuna til að endurnýja erindi sitt með því að íhuga kristniboðsguðfræði sína í sífellu. Guðfræðin á að efla kirkjuna til boðunar, boðunar sem bendir á og á hlutdeild í þeim raunveruleika sem við köllum veldi Guðs í Kristi. Þetta rit hefur samfylgdina á Emmausveginn að fyrirmynd og býður því lútherskum kirkjum og öðrum kirkjum að leggja stund á guðfræði sem endurspeglar og nýti reynslu þeirra af boðun í hinum ýmsu aðstæðum.

*Þetta rit hefur samfylgdina á Emmausveginn að fyrirmynd og býður því lútherskum kirkjum og öðrum kirkjum að leggja stund á guðfræði sem endurspeglar og nýti reynslu þeirra af boðun í hinum ýmsu aðstæðum.*

*„En þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir í Jerúsalem og allri Júdeu, í Samaría og allt til endimarkar jarðarinnar.“* Postulasagan 1:8

